

SEÐLABANKI ÍSLANDS

ÁRSSKÝRSLA 1978
REYKJAVÍK 1979

Setning, prentun, bókkband.
ÍSAFOLDARPRENTSMÍÐJA HF.

EFNISYFIRLIT

Skýrsla bankastjórnar	5
Yfirlit yfir þróun efnahagsmála	5
Framleiðsla, tekjur og verðlag	13
Greiðslujöfnuður og gjaldeyrismál	21
Fjármál ríkisins	30
Peningamál	38
Fjárfestingarlánasjóðir og lífeyrissjóðir	48
Yfirlit yfir lánamarkaðinn	54
Gengismál	61
Erlend mál og samningar	63
Umsjá sjóða og ýmis starfsemi fyrir ríkissjóð	65
Ýmis starfsemi bankans	71
Stjórn bankans og starfslið	76
Skýringar með ársreikningum	78
Reikningar 1978	82
Efnahagur 31. desember 1978	82
Rekstrarreikningur árið 1978	84
Efnahagsreikningur Ríkisábyrgðasjóðs 31. desember 1978	86
Tölflur (sjá yfirlit á næstu síðu)	88

TÖFLUYFIRLIT

1. tafla. Þjóðarframleiðsla og verðmætaráðstöfun	88
2. tafla. Fjármunamyndun	89
3. tafla. Vísitölur verðlags og kaupgjalds	90
4. tafla. Greiðslujöfnuður við útlönd 1974—1978	91
5. tafla. Greiðslujöfnuður við útlönd. Ársfjórðungsfirlit 1977—1978 ..	92
6. tafla. Gjaldeyrisstaða bankanna	93
7. tafla. Skipting innflutnings eftir notkun	94
8. tafla. Útflutningur. Skipting á helztu vöruflokka	94
9. tafla. Staða þjóðarbúsins út á við	94
10. tafla. Verðmæti inn- og útflutnings eftir löndum	95
11. tafla. Yfirlit yfir fjármál ríkissjóðs	96
12. tafla. Skipting ríkistekna eftir tekjustofnum	96
13. tafla. Skipting ríkisútgjalda eftir málefnaflokkum	97
14. tafla. Skipting ríkisútgjalda eftir tegundum	97
15. tafla. Seðlar og mynt	97
16. tafla. Skipting seðlamagnsins eftir seðlastærð í árslok	98
17. tafla. Skipting myntar eftir myntstærð í árslok	98
18. tafla. Ávísanaskipti	98
19. tafla. Úr peningamálum	99
20. tafla. Úr reikningum Seðlabankans	100
21. tafla. Innlán og útlán innlánsstofnana	101
22. tafla. Lánaflokkun innlánsstofnana	102
23. tafla. Skipting spariinnlána eftir innlánsformum í árslok	102
24. tafla. Inn- og útlán innlánsstofnana	103
25. tafla. Greiðslufirlit fjárfestingarlánasjóða	104
26. tafla. Lánaflokkun fjárfestingarlánasjóða	105
27. tafla. Útlán einstakra fjárfestingarlánasjóða	105
28. tafla. Greiðslufirlit fjárfestingarlánasjóða 1978	106
29. tafla. Greiðslufirlit lífeyrissjóða	108
30. tafla. Úr reikningum lánastofnana	108
31. tafla. Útlánaflokkun lánastofnana	109
32. tafla. Efnahagsreikningur Seðlabankans 1972—1978	110 og 112
33. tafla. Meðalgengi erlendra gjaldmiðla skv. skráningu Seðlabankans	114
34. tafla. Vextir á helztu flokkum inn- og útlána í bankakerfinu	116
35. tafla. Út- og innflutningsverð og viðskiptakjör	117
36. tafla. Vísitölur meðalgengis erlendra gjaldmiðla	117

SKÝRSLA BANKASTJÓRNAR

YFIRLIT YFIR ÞRÓUN EFNAHAGSMÁLA

Efnahagsþróunin á árinu 1978 var hagstæð hér á landi, að því er tekur til raunverulegrar framleiðslu og tekna. Ytri skilyrði þjóðarbúsins héldust svipuð og árið áður, útflutningsframleiðsla og sala afurða gekk greiðlega, en þjóðarútgjöldum og innflutningi varð haldið innan þeirra marka, að jöfnuður náðist í viðskiptum þjóðarbúsins út á við. Á hinn bóginn magnaðist verðbólga fram eftir árinu, þótt nokkuð tækist að draga úr henni að nýju á síðustu mánuðum ársins, en viðureignin við verðbólguvandann setti öðru fremur svip sinn á þróun mála á árinu.

Efnahagsástandið í umheiminum

Fram að árinu 1978 hafði efnahagsbatinn í heiminum frá samdrættinum 1974—1975 verið hægur og ójafn og leitt af sér veruleg misvægisvandamál í greiðslujöfnuði, gjaldeyrisstöðu og gengisþróun veigamestu viðskiptalanda heimsins. Ráðandi einkenni þeirrar framvindu voru mikill greiðsluafgangur olíuframleiðsluríkjanna og örfárra iðnríkja á móti verulegum viðskipta- og greiðsluhalla Bandaríkjanna og fallandi gengi dollara, svo og alvarlegum viðskiptahalla þróunarríkjanna. Drifkraftur efnahagsframvindunnar á þessum tíma var tiltölulega öflug eftirspurnarþróun og hagvöxtur í Bandaríkjunum, er gerði öðrum þjóðum kleift að bæta úr eftirspurnar- og atvinnuástandi án þess að stofna greiðslujöfnuði sínum í hættu. Þessu fylgdi þó sá annmarki, að greiðsluhalli Bandaríkjanna ágerðist með þeim afleiðingum, að gengi dollara veiktist og lét verulega undan síga á síðasta ársfjórðungi 1977 og fram til októberloka 1978.

Með árinu 1978 horfði efnahagsþróunin aftur á móti í flestu tilliti til meiri jafnaðar og betra jafnvægis. Næststærstu OECD-ríkin, Japan og V-Þýzkaland, gerðu vel heppnaðar þensluráðstafanir, og var heildareftirspurn þeirra talin hafa aukizt um 6,5% og 3,3% í sömu röð, en þjóðarframleiðsla um 5,8% og 3,4%, svo að nettóáhrifin voru til aukinnar innflutningseftirspurnar. Flest önnur

meiriháttar lönd fylgdu í kjölfarið með aukna eftirspurn og framleiðslu eða héldu hvorutveggja vel uppi, einkum Bandaríkin, sem náðu 3,9% hagvexti til samanburðar við 5% árið áður. Á heildina litið jókst eftirspurn OECD-svæðisins um 3½% eða jafnmikið og árið áður, og sömuleiðis varð hagvöxtur óbreyttur frá fyrra ári, 3¾%.

Samhliða þessari jöfnun eftirspurnar og hagvaxtar varð vöxtur alþjóðaviðskipta öflugri eða 5% að magni á móti 4% árið áður, en reiknað í dollurum varð aukning heimsviðskiptaveltu 14%. Meiru varðar þó, að mun betra jafnvægi náðist í milliríkjavíðskiptum. Viðskiptaafgangur olíuútflutningsríkja ásamt tilfærslum minnkaði um helming, úr 35 milljörðum dollara 1977 í 17 milljarða. Viðskiptahalli OECD-landanna sem heildar varð því sem næst að engu, en mikið misræmi hélzt þó í greiðslustöðu þeirra innbyrðis, einkum milli Bandaríkjanna annarsvegar, sem voru með yfir 16 milljarða dollara halla, og Japans hinsvegar, sem hafði álíka mikinn afgang í viðskiptajöfnuði sínum. Viðskiptahalli olíulausra þróunarlanda ágerðist úr 18 í 25 milljarða dollara, meðfram af völdum lakari viðskiptakjara, sem þó voru almennt tekin að batna aftur á síðari hluta ársins.

Prátt fyrir jafnari hagvöxt nægði hann ekki til að breyta atvinnuástandi OECD-landanna í heild nema úr 5,4% atvinnuleysi í 5,3% að ársmeðaltali 1977 og 1978 (byggt á 90% úrtaki). Mest varð breytingin í Bandaríkjunum, úr 6,9% í 5,9% skráð atvinnuleysi. Í V-Þýzkalandi og Bretlandi fór atvinnuleysi einnig fremur minnkandi yfir þessi tvö ár, en í öðrum helztu löndunum fremur vaxandi.

Aðgætni og aðhald í stjórn almennrar eftirspurnar með jafnari og stöðugri hagvexti ásamt einbeitni í tekjumálastefnu hefur þegar borið verulegan árangur í minni verðbólgu. Neyzluvöruverðlag OECD-svæðisins hækkaði um 7,9% að ársmeðaltali 1978 til samanburðar við 8,9% árið áður. Lá verðbólgan þó um 1% hærra en yfir undangenginn áratug, 1966—1976, er hún var 6,8% að meðaltali. Hér sem í fleiru voru Bandaríkin undantekning með 7,7% hækkun á móti 6,5% árið áður, en í þessu gætir einnig jöfnunar við almennt ástand OECD-svæðisins. Raunar hafa viðbrögð bandaríska hagkerfisins við aðhaldssömum efnahagsaðgerðum síðasta misserið að flestu leyti verið tregari en vænta mátti og almennt eftirspurn, atvinna og verðbólga haldizt hærri en svarar til fyrri reynslu af samskonar ástandi og aðgerðum. Bendir ýmislegt til þess, að verðbólgan sé farin að síast inn í hugsunarhátt og hegðun með svipuðum hætti og kunnara er frá Evrópulöndum, þannig að hún sé ekki síður metin sem færi á spákaupmennsku til örvunar útgjalda en sem ögnun við afkomu og atvinnu.

Almennt er búizt við áframhaldi stöðugar þróunar árið 1979 og raunar fram til 1980 með lítið eitt hægari og jafnari hagvexti og verðbólgu, svo og svipuðu atvinnuástandi. Undir yfirborði sléttar og felldrar heildarmyndar leynast þó ýmsir óvissuþættir, sem valdið gætu röskun, svo sem ástandið í Íran og í olíumálum almennt, aukinn viðskiptahalli og gjaldeyrisvandkvæði þróunarlandanna og óvissa um, hvernig tekst að hemja verðbólguna í Bandaríkjunum og víðar, án þess að koma þurfi til harkalegs samdráttar.

Viðskiptakjör

Verðlag matvæla og annarra lítt unninna frumvara hefur fallið verulega á heimsmarkaði frá öðrum fjórðungi ársins 1977, en tók að snúast á ný til hækkunar á síðari hluta árs 1978. Lækkunartilhneiging þessi náði hinsvegar varla til fiskafurða né þeirra matvælategunda, sem tengdastar eru fiskafurðum í eftirspurn, svo sem kjöts á Bandaríkjamarkaði. Hagstætt efnahagsástand markaðslandanna á vafalaust sinn þátt í þessu ásamt því, að engar verulegar sveiflur hafa orðið á framboðshlið fiskafurða, enda þess tæpast að vænta við það nýtingarstig fiskistofna, sem víðast er á orðið. Sigandi gengi dollara hefur þó dregið talsvert úr ávinningi vaxandi markaðar og leitt til þess, að útflutningsverðlag og viðskiptakjör Íslendinga rýrnuðu nokkuð á síðari hluta ársins 1978, enda þótt þess gæti ekki í heildarútkomu ársins.

Efnahagsástandið í umheiminum hefur þannig skapað hagstæð ytri skilyrði fyrir því að ná fastari tókum á efnahagsmálunum hér á landi, efla stöðugleika og koma á jafnvægi út á við sem inn á við. Hafa hin ytri skilyrði þessa raunar verið hagstæð síðustu þrjú árin og horfur á, að svo verði í meginatriðum enn um sinn, þótt hækkun olíuverðs geti sett þar strik í reikninginn, og er brýnt, að færi þetta nýtist til árangurs í efnahagsmálum þjóðarinnar, einkum á sviði verðlagsþróunar.

Framleiðslu- þróunin

Einnig á innlendum vettvangi var þróun efnahagsmála á árinu 1978 áþekkt framhald frá næstu tveimur árum á undan, með sömu meginþáttum og vandamálum og svipaðri viðleitni til að leysa þau. Á framleiðslusviðinu verður að beita vaxandi takmörkunum vegna fyrri ofnýtingar fiskstofna og veikrar stöðu þeirra nú svo og vegna þröngs markaðar fyrir landbúnaðarafurðir. Á vettvangi iðnaðar er að vísu að finna ýmsa nýja vaxtar-sprotu, svo sem í iðnaði, er nýtir innlenda orku, í ullar- og skinnaiðnaði og veiðarfæraíðnaði, en jafnframt hefur innlend verðbólga reynzt iðnaðinum þung í skauti í harðnandi samkeppni hans við innfluttar iðnaðarvörur.

Á heildina lítið hefur þó náðst þokkalegur árangur. Frá árinu 1971, þegar fyrri áföll höfðu að fullu verið bætt upp, svo að einnig skilaði nokkrum hagvexti frá fyrra hámarki, hefur þjóðar-

framleiðsla aukizt um 26,7% fram til 1978 eða sem svarar 3,4% meðalvexti á ári, en vergar þjóðartekjur um 30,5% eða sem svarar 3,9% meðalvexti á ári. Hagvöxtur ársins 1978, um 4% á báða mælikvarðana, svarar þannig nokkurnveginn meðalárangri þessa tímabils. Tæpast leikur vafi á, að ná hefði mátt betri árangri með virkari og markvissari atvinnuvegastefnu og fastari tökum á þeim árferðissveiflum, sem svo mjög hafa sett íslenzkt efnahagslíf úr skorðum. Hinsvegar ætti undangenginn hagvöxtur að veita viðunandi grundvöll tekjuskipta í þjóðfélaginu.

Vandamálum auðlinda- og framleiðslustjórnunar hefur verið vaxandi gaumur gefinn að undanfögnu, einkum á sviði fiskveiða. Í grundvallaratriðum skilur á milli þess að beita beinum magnstjórnunaraðferðum, þ. e. boðum og bönnum, kvótum og lokunum, eða hagrænni hvatningu og latningu, er sé ákveðin í tengslum við mælikvarða þjóðhagslegrar hagkvæmni. Til að byrja með hefur höfuðáherzlan verið á hinum fyrrgreindu, enda fljótlegast að grípa til slíkra aðgerða, en vaxandi skilningur er á því, að hagrænar hvatningar eru í eðli sínu almennari og djúptækari og þar með frjálslægri og falla um leið betur að gerð efnahags- og þjóðfélagskerfis hér á landi. Talsvert skortir og á, að með þeim stjórnunaraðferðum, sem beitt hefur verið, hafi náðst sá árangur, sem að var stefnt. Að þessu leyti kann framleiðsluárangur sjávarútvegs og þjóðarbús að vera þeim fyrirvara háður, að enn sé gengið of nærri fiskstofnum og að örari endurnýjun þeirra mundi hafa meira hagrænt gildi en ótímabær afli.

Sveifflugangur og misvægi í þjóðarbúskapnum hefur mjög torveldað mótun og framkvæmd markvissrar framleiðslustefnu, en misvægið er sprottið jöfnum höndum af röskun ytri skilyrða sem af innlendri verðbólgu, almennri kröfugerð og vöntun aðgæzlu í stjórn fjárfestingar og almennrar eftirspurnar og tekur á sig alvarlegasta mynd, þegar ytri og innri orsakavaldar falla saman, svo sem var árin 1974—1975. Náði viðskiptahallinn þá um 11½% af þjóðarframleiðslu bæði árin, en 9—10%, sé leiðrétt fyrir breytingum útflutningsvörubirgða og sveiflum í innflutningi sérstakra fjárfestingarvara.

Af tilefni þessarar stórfelldu versnunar stöðunnar út á við hefur bata viðskiptajafnaðar og gjaldeyrisstöðu verið veittur forgangur umfram flest önnur stefnumið síðustu árin. Aðgerðir í þessu skyni áttu í veigamiklum atriðum samleið með baráttunni gegn verðbólguþróun. Árangurinn hefur þó skilað sér mun betur í þessu tilliti heldur en í glímunni við verðbólguna. Viðskiptakjarabati og aflaaukning umfram áætlun hefur átt mikilsverðan þátt í stöðubatanum, en einnig veldur miklu, að efnahagsaðgerðir þær, sem beitt hefur verið, hafa verið betur til þess fallnar að ná tíma-

Fjárfesting og sparnaður

bundnu jafnvægi í þjóðarbúskapnum heldur en að hamla gegn verðbólgunni, en jafnvægi af þessu tagi næst með áþekkri hækkun mótvægra stærða, svo sem verðlags, gengis og skatta á móti tekjum. Með þessu hefur náðst sá árangur, að utanríkisviðskiptin hafa því sem næst náð jöfnuði bæði árin 1977 og 1978. Jafnframt batnaði gjaldeyrisstaðan og gjaldeyrisforðinn náði því lágmarki 2—3 mánaða almenns innflutnings, sem talið er nauðsynlegt. Meðfram með tilliti til gjaldeyrisstöðunnar þurfti hinsvegar enn að sækja erlendar lántökur nokkuð fast, svo að skuldir til langs tíma héldu enn áfram að aukast, upp í 230 milljarða króna í árslok 1978. Fært til meðalgengis ársins svarar skuldin til 35% af þjóðarframleiðslu, og hefur það hlutfall lítið breytt síðustu árin, en greiðslubyrði erlendra lána hélzt rétt við 14% af útflutningstekjum fjórða árið í röð.

Jafnvægi þjóðarbúskaparins er ennfremur nátengt því, hve háu hlutfalli fjárfestingin nemur af verðmæti þjóðarframleiðslu á hverjum tíma, svo og samanburði þess hlutfalls við heildarsparnað þjóðarbúsins, er gengið geti til fjármögnunar. Hlutfall fjármunamyndunarinnar hefur verið með eindæmum hátt um árabíl, um og yfir 30% af þjóðarframleiðslu árin 1973—1976, en það náði 34% hámarki árið 1975. Þetta er mun hærra hlutfall en nemur innlendum sparnaði við hagstæð skilyrði, yfirleitt á bilinu 26—28%, en á þessum árum féll hann niður í 23,5% fyrir samverkan verðbólgu og efnahagsáfalla. Það er því eðlilegt, að takmörkun fjárfestingar hefur verið eitt meginviðfangsefni hagstjórnar síðustu ára og lánsfjáráætlana sérstaklega. Tókst að færa hlutfall fjármunamyndunar niður í 28,4% árið 1977 og í 26% skv. bráðabirgðatölum 1978. Þetta eru þau hlutföll, sem reynsla bendir til að samsvari tæpum jöfnuði út á við, en frekara aðhald þurfi til að ná nokkrum teljandi stöðubata, en í samræmi við það hafa mörkin verið sett innan við fjórðung af þjóðarframleiðslu í lánsfjáráætlun ársins 1979 og í nýsettum lögum um stjórn efnahagsmála o. fl.

Það styður og að nauðsyn aðhalds á þessu sviði, að byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð hefur oft verið veikasti hlekkur efnahagslegs jafnvægis með auðsæ merki eftirspurnarþenslu og mannaflaeklu, er haft geta áhrif á verð- og kaupkjör greinarinnar eftir ýmsum leiðum. Nákvæmar mælingar á þessu sviði eru þó því miður af skornum skammti.

Umsvif hins opinbera eru annar meginþátturinn í myndun innlendrar eftirspurnar. Því meiri sem þau eru, þeim mun nær er gengið heildarmörkum þjóðarbúsins, jafnframt því sem þrengt er að svigrúmi einkageirans, bæði í beinni keppni um framleiðsluöfl og verðmæti til ráðstöfunar sem og með skattlagningu.

Umsvif hins opinbera

Svigrúm hins opinbera til þess að beita sköttum sem þjóðhagslegu jafnvægistæki reynist ennfremur þeim mun þrengra sem lengra er seilzt í umsvifum, auk þess sem aukin beiting þess hlýtur að koma í talsverðum mæli niður á frjálsum peningalegum sparnaði. Þrátt fyrir vaxandi skilning á þessu hefur aukning ríkisútgjalda að tiltölu við þjóðarframleiðslu reynzt lítt viðráðanleg. Hefur hlutfallið hækkað úr 22,2% 1969 upp í 29,3% 1978, en aðeins þrjú ár þessa tímabils sýndi hlutfallið lækkun, þar af um 3% árið 1976, en síðustu tvö árin hefur það hækkað aftur um tæp 2% og væntanlega nokkru meira, þegar endanlegar tölur liggja fyrir.

Margt ber til, að umsvif hins opinbera fara vaxandi með tímanum, en opinber þjónusta virðist hafa eðlislæga tilhneigingu til að aukast hlutfallslega með vaxandi þjóðartekjum. Í góðæri ríkir gjarnan nokkurt frjálsslyndi gagnvart hækkingu útgjöldum til fjárfestingar og þjónustu, en áföllum er á hinn bóginn mætt með auknum félagslegum tilfærslum. Sé ekki viðhöfð full aðgát, leiða þessar tilhneigingar samanlagt til nánast stöðugar hlutfallsaukningar opinberra umsvifa. Svigrúm hins opinbera til tekjuöflunar hefur um leið verið skert af völdum verðbótakerfis launa og almennu tilliti til tekjuþróunar með þeim afleiðingum, að þrálátur halli hefur orðið á ríkisbúskapnum, sem veikt hefur stjórn peningamála og stöðuna út á við.

Verðbólgan

Verðbólgan er jafnan í nokkrum mæli háð eftirspurnarskilyrðum og misvægi í fjármálum og peningamálum. Sterkasti grunnþátturinn í myndun verðbólgunnar virðist þó vera ákvörðun innlends framleiðslukostnaðar í skipulögðum tekjusamningum ásamt keðjuverkun þeirra á verðlag, gengi og verðbætur á laun. Eftirspurnarskilyrðin hafa mest áhrif, þegar heildarlaunasamningar eru gerðir, en megna lítt að reisa rönd við, eftir að skriða víxlverkana er komin af stað. Þannig hefur verðbólga undanfarinna ára að miklu leyti reynzt vera arftekið vandamál og fyrri víxlgangur ekki náð að hjaðna verulega, áður en næsta skriða fer í gang. Þetta er enn eitt hinna þrálátu vandamála, sem verið hafa til úrlausnar árum saman og í þessu tilviki með hvað minnstum varanlegum árangri. Eftir að verðbólgan hafði á tveimur árum eða til miðs árs 1977 minnkað um helming, jókst hún aftur um helming á næstu tólf mánuðum, þ. e. a. s. úr 26% í rúm 50%, og er þá ætíð reiknað með tólf mánaða verðhækkun. Frá síðastliðnu hausti hefur náðst sá takmarkaði árangur að hægja á verðbólgunni niður í u. þ. b. 35%, og hefur hann jöfnum höndum náðst með því að skerða rétt til verðbóta á laun og íþyngja ríkissjóði með miklum niðurgreiðslum.

Ör verðbólguþróun hefur oft átt samleið með örum bata við-

Gengið

skiptakjara og að nokkru átt rót sína að rekja til hagstæðra skilyrða útflutningsgreinanna. Gengið hefur þá ekki þurft að falla eins ört og innlend verðbólga umfram erlenda gaf tilefni til. Frá því á síðari helmingi ársins 1977 hefur ekki gefizt færi á að draga úr verðbólgunni með þessum hætti, heldur var nauðugur sá kostur að láta það síga allt að því jafnört hækkun almenns verðlags. Reyndist nauðsynleg aðlögun of stórfelld til þess að framkvæma hana að fullu með jöfnu gengissigi, og kom því til formlegrar gengisfellingar tvisvar á árinu 1978, 10. febrúar um 13% og 6. september um 15%. Heildarniðurstaðan varð sú, að meðalgengi ársins sýndi hækkun erlends gjaldeyris frá fyrra ári um 42,4%, en hækkun yfir árið um 56,7%.

Peningamál og lánsfjármarkaður

Áhrif verðbólgunnar eru ekki síður djúptæk á peningamál og lánsfjármarkað, og er þar einnig um gagnkvæm áhrif að ræða. Til að fyrirbyggja, að aukning peningamagns og útlána eigi þátt í, að verðbólga nái að magnast og leiði til verulegs misvægis í þjóðarbúskapnum, hefur verið reynt að reisa skorður við aukningu peningastærða í lánsfjáráætlunum undanfarinna ára og aðgerðum samkvæmt þeim. Yfirleitt hafa útlán og peningamagn farið verulega fram úr settum mörkum, en þó innan við það, sem þróun tekna og verðlags hefur gefið tilefni til. Þróun peningamála hefur þannig tæpast reynzt vera frumhvati verðbólgunnar nema um mjög stutt skeið í senn, en hefur ekki heldur verið sá hemill á hana, er úrslitum réði.

Lánsfjáráætlun ársins 1978 var reist á tiltölulega raunhæfum forsendum um tekjur og verðlag, jafnframt því sem lánskjarastefnan tók að skila verulegum árangri og aðgerðir með haustinu slógu á verðbólguþróun. Þróun útlána vék því fremur lítið frá áætlun, og reyndist þróun innlána mun öflugri en útlána. Bætti það stöðu bankakerfisins og átti umtalsverðan þátt í stöðubata þjóðarbúsins í heild. Ennfremur varð hagstæð breyting á samsetningu innlána til hækkaðs hlutfalls spariinnlána, einkum tíma-bundinna. Sama máli gegnir um fjárfestingarlánasjóði, að útlána-aukning þeirra var tiltölulega hófleg. Hinsvegar voru veiku hlekkirnir áframhaldandi skuldasöfnun ríkissjóðs og aukning endurkaupa Seðlabankans umfram bundnar innstæður innlánsstofnana við bankann, svo að munaði nærri 7 milljörðum króna í árslok. Einhæf áherzla á beinar takmarkanir útlána leggst á sveif með áhrifum verðbólgunnar til raunverulegrar skerðingar peningalegra stærða og latningar til peningalegs sparnaðar. Afleiðingin hefur verið raunverulegur samdráttur peningakerfis og lánsfjármarkaðar, einkum að tiltölu við vaxandi þjóðarframleiðslu og þjóðarauð. Við þessum vanda hefur verið snúizt með því að bæta ávöxtunarkjör, vaxtakjör og verðtryggingu í mismunandi hlut-

Verðbólguviðnámið

föllum til þess að bæta upp verðryrnun fjármagns, hvetja til peningalegs sparnaðar og draga úr óhóflegri eftirspurn lánsfjárjöfnum höndum. Sérstök áherzla hefur verið lögð á lánskjör lengri innlánsforma og fjárfestingarlána, og hefur það m. a. skilað árangri í sérstakri aukningu sparifjár með tímabindingu samhliða lítilli aukningu peningamagns í þrengri skilningi.


Þær hagstjórnaraðferðir, sem beitt hefur verið undanfarin ár, hafa fremur verið þess eðlis, að gerðar hafi verið leiðréttingar á áhrifum verðbólgunnar á vixl á mismunandi vegu en að hamlað hafi verið í alvöru á móti sjálfri framrás verðbólgunnar. Enda þótt draga megi mjög úr skaðsemi af verðbólgunni með aðgerðum af þessu tagi, veldur hún engu að síður mikilli spennu og öryggisleysi og ýmisskonar tímabundnum truflunum. Talsvert vantar enn á, að kerfi varnar- og leiðréttingaraðgerða hafi verið fullkomnað, en til þess þarf að leiða það til rökréttra endalykta í reikningshaldi og verðlags- og skattakerfi. Við mat slíks kerfis verður einnig að hafa í huga, að of auðveld aðlögun hagkerfisins að verðbólgunni getur dregið úr brýningu til viðnáms gegn henni. Þetta á ekki sízt við um hina öru gengisaðlögun, en fyrr meir var fastgengiskerfið mjög öflugur hemill á þá kröfugerð og launaþróun, er stefndi út yfir mörk rekstrargrundvallar atvinnuveganna við fast gengi.

Við skilyrði einhæfs og opins hagkerfis getur aðhaldssöm gengisstefna haft sérstaklega mikið gildi, enda sé einnig beitt öðrum og sérhæfðari hagstjórnartækjum, svo sem jöfnunarsjóðum, auðlinda-stjórnun og stjórn fjárfestingarmála. Meginatriði er í þessu sambandi, að komið verði að skýrum niðurstöðum um, á hvaða vettvangi viðnám skuli veita gegn verðbólgunni eða öllu heldur hvernig deila skuli þunga viðnámsins á hin mismunandi svið, svo sem tekjumálastefnu, eftirspurnaraðhald og gengisstefnu, þannig að fullnægjandi heildarniðurstaða náist. Viðleitni til fjölþættrar stefnumótunar af þessu tagi er að finna í álitserð Verðbólgunefndar fyrir ári og nýlega samþykktum lögum um stjórn efnahagsmála o. fl. Hvorttveggja bendir í rétta átt um heildartök á stjórn þjóðarbúskaparins, en árangurinn mun þó eftir sem áður velta mest á framkvæmdinni.

FRAMLEIÐSLA, TEKJUR OG VERÐLAG



Viðskiptakjör



Útflutnings- framleiðslan

Þróun framleiðslu og viðskiptajafnaðar var hagstæð á árinu 1978, en þrátt fyrir áframhaldandi öra verðbólgu og margvísleg vandamál henni samfara jókst verg þjóðarframleiðsla á árinu 1978 um rúm 4% að raungildi. Aukning þjóðartekna varð svo til hin sama og þjóðarframleiðslu, þar eð viðskiptakjör virðast hafa verið svo til óbreytt að meðaltali frá árinu áður. Ekki verður því annað sagt en að hagvöxtur hafi verið vel viðunandi og ytri aðstæður þjóðarþúsins sömuleiðis. Þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur voru á árinu meiri en nokkru sinni fyrr, og voru þjóðartekjurnar t. d. um 11—12% hærrí en á árinu 1974. Þann skugga ber þó á efnahagsþróunina, að hraði verðbólgunnar fór mjög vaxandi fram eftir árinu, eins og síðar verður vikið að.

Sem fyrr sagði voru viðskiptakjörin 1978 að meðaltali svipuð og 1977, en frá 1976 til 1977 höfðu þau batnað um 8,4%. Á seinni hluta ársins versnuðu viðskiptakjörin nokkuð, einkum vegna gengislækkunar dollara á alþjóðlegum gjaldeyrismörkuðum, en mjög mikill hluti útflutningstekna þjóðarinnar fellur til í Bandaríkjadollurum. Inn- og útflutningsverð hækkaði um nálægt 48% í íslenskum krónum milli áráanna 1977 og 1978 og um 4% í erlendra mynt samanborið við 7—8% 1977. Innflutningsverð breyttist næsta lítið á fyrri helmingi ársins, en hækkaði nokkuð á seinni helmingnum og var undir árslokin um 5% hærra en ári áður. Útflutningsverð var stöðugt mestan hluta ársins, en lækkaði undir árslokin, einkum vegna lækkunar Bandaríkjadollara gagnvart Evrópumyntum. Útflutningsmarkaðirnir reyndust á heildina lítið stöðugri en búizt hafði verið við, og röskun á viðskiptakjörum gerðist einkum fyrir áhrif hræringa á erlendum gjaldeyrismörkuðum.

Ætlað er, að útflutningsframleiðslan í heild hafi aukizt um 4—5% á árinu 1978. Vegna verulegrar minnkunar útflutningsbirgða jókst útflutningurinn meira en framleiðslan eða um 16%. Framleiðsla sjávarafurða er talin hafa aukizt um 5% og álframleiðslan sömuleiðis um 5%.

Samkvæmt bráðabirgðatölum nam heildarfiskafli landsmanna um 1560 þús. lestum á árinu 1978 samanborið við 1374 þús. lestir 1977. Í tonnum talið varð árið 1978 þar með annað metaflárið í röð, en mestur hafði aflinn áður orðið rúm 1240 þús. tonn á árinu 1966. Botnfiskaflinn nam tæpum 470 þús. tonnum, þar af þorskafli um 318 þús. tonnum. Árið 1977 voru þessar tölur 475 og 330 þús. tonn.

Aukningu heildaraflans frá fyrra ári má að langmestu leyti rekja til aukins loðnuafla, en hann jókst úr 813 þús. tonnum 1977 í 967 þús. tonn 1978, einkum vegna óvenjugóðrar sumar- og haustvertíðar. Þorskveiðarnar fóru nokkuð fram úr því, sem bæði fiskifræðingar og stjórnvöld höfðu lagt til, og var því að líkindum gengið nær stofninum en æskilegt hefði verið út frá langtímasjónarmiðum. Sömuleiðis varð loðnuaflinn það mikill, að við blásti í lok ársins, að grípa þyrfti til veiðitakmarkana á vetrarvertíðinni, sem þá fór í hönd, enda höfðu fiskifræðingar lagt til, að ákveðið aflahámark yrði sett fyrir tímabilið frá 1. júlí 1978 til jafnlengdar 1979. Þorskaflinn minnkaði lítilllega frá fyrra ári, og síldaraflinn jókst nokkuð, sömuleiðis kolmunna- og spæringsveiðar. Afli togaranna varð talsvert meiri 1978 en 1977, en 6 nýir togarar bættust í flotann á árinu.

Verðmætisaukning fiskaflans 1978 varð um 5% á föstu verði, og svo virðist sem vinnsla sjávarafurða hafi aukizt um 5% frá fyrra ári.

Á árinu 1978 versnaði afkoma bátaflotans, annarra en loðnubáta, nokkuð frá fyrra ári, einkum á seinni hluta ársins. Afkoma togaraflotans var viðunandi og mun betri en eldri og smærri skipa, gerðra út á bolfiskveiðar, einkum frá suðvesturhorni landsins. Afkoma loðnuflotans var á heildina lítið góð. Þegar orðnar og fyrirsjáanlegar hækkanir á olíuverði geta hins vegar orðið mjög afdrifaríkar fyrir afkomu fiskiskipaflotans.

Afkoma fiskverkenda versnaði á árinu 1977, bæði saltfiskverkenda og frystihúsa. Enda þótt útflutningsverð frystra sjávarafurða hafi hækkað verulega frá 1975 til 1977, náði það ekki að mæta innlendum kostnaðarhækkunum á þessu tímabili, og því var afkoma þeirra jafnvel verri en á árinu 1975. Á árinu 1978 virðist svo sem heldur hafi rætt úr afkomuvandræðum frysti- iðnaðarins, bæði vegna gengisfellinganna í febrúar og september og vegna hóflegra fiskverðshækkana. Ekki hefur aðeins verið um að ræða breytilega afkomu eftir greinum, heldur hefur og borið á svæðisbundnum vandamálum, svo sem á Suðurnesjum. Ríkisstjórnin skipaði haustið 1978 starfshóp, sem kanna skyldi stöðu fiskvinnslunnar á því svæði, og með lögum um ráðstöfun gengismunar í kjölfar gengisfellingarinnar í september var gert

ráð fyrir, að nokkru fé yrði varið til hagræðingarlána til fiskvinnslunnar, einkum á því svæði.

Árið 1978 var saltfiskverkendum fremur erfitt vegna markaðsörðugleika, og saltfiskeild Verðjöfnunarsjóðs varð að inna af hendi verulegar greiðslur á árinu. Skreiðarbirgðir, sem safnazt höfðu fyrir í landinu vegna markaðsörðugleika á árinu 1977, höfðu allar verið fluttar út í árslokin.

Afkoma mjöl- og lýsisframleiðenda hefur verið fremur óstöðug undanfarin ár, enda þótt verð hafi yfirleitt verið fremur hagstætt. Afkoman versnaði nokkuð, þegar á heildina er litið, frá árinu áður, enda varð verðlækkun á heimsmarkaði. Afkoman var mjög mismunandi eftir landshlutum, og var hagur margra verksmiðja mun verri en 1977.

Iðnaður

Nokkuð virðist hafa dregið úr framleiðsluaukningunni í iðnaði síðustu tvö árin. Ætlað er, að framleiðslan hafi vaxið um 6% árið 1976, 4% 1977 og 2% 1978. Á árinu 1978 versnaði hagur iðnaðarins, einkum heimamarkaðsgreinanna, þar sem svo virðist sem dregið hafi úr sölu þeirra. Hagur útflutningsgreinanna stóð sömuleiðis nokkuð höllum fæti 1978. Miklar innlendar kostnaðarhækkanir síðustu tveggja ára hafa haft slæm áhrif á samkeppnisaðstöðu útflutningsgreinanna, og gengisfellingarnar 1978 gerðu ekki betur en að halda í horfinu í því efni. Í sumum greinum, svo sem ullariðnaði, hefur einnig gætt nokkurrar sölutregðu, enda þótt mikill munur sé á milli greina og jafnvel fyrirtækja innan sömu greinar, allt eftir markaðsstöðu hvers og eins.

Verzlun

Flest bendir til, að hagur verzlunar hafi enn versnað nokkuð á árinu 1978. Smásöluverzlunin hefur orðið að búa við lækkandi álagningu, og í flestum greinum heildverzlunar virðist afkoman hafa versnað. Mikil veltuaukning á heildina litið hefur þó mildað nokkuð áhrif lækkandi álagningar.



Landbúnaður

Landbúnaðarframleiðslan virðist hafa aukizt um 4% á árinu 1978 og hefur aldrei verið meiri. Mjólkurframleiðslan jókst um 4%, og í kjötframleiðslu var árið metár. Af þessum sökum jukust enn offramleiðslu- og birgðavandamál landbúnaðarins. Sem dæmi má nefna, að mjólkurframleiðslan mun hafa verið 25% meiri en nemur neyzlunni innanlands. Síðustu árin dróst neyzla landbúnaðarvara nokkuð saman, en jókst á ný á árinu 1978, einkum vegna mjög aukinna niðurgreiðslna og niðurfellingar söluskatts. Aukningin var þó alltof lítil til að koma í veg fyrir mikla birgðasöfnun, einkum á osti, smjöri og kjöti.

Einkaneyzla og samneyzla

Einkaneyzlan er talin hafa aukizt um 6% á árinu 1978 samanborið við 8% 1977, og virðist hún hafa farið nokkuð fram úr hámarkinu, sem hún náði 1974. Á hinn bóginn virðist samneyzla hafa aukizt svipað og 1977 eða um 2%. Samneyzlan, þ. e. kaup

Fjármunamyndun




hins opinbera á vörum og þjónustu, var tæp 11% af vergri þjóðarframleiðslu á árinu 1978, og hefur hún heldur vaxið undanfarin ár, frá því að vera 8—9% vergrar þjóðarframleiðslu á sjötta áratugnum upp í 10—11% á yfirstandandi áratug.

Samkvæmt bráðabirgðatölum minnkaði fjármunamyndunin í landinu 1978 um 7,5% að raungildi frá árinu áður samanborið við 7,5% aukningu 1977. Fjármunamyndunin nam 26% af vergri þjóðarframleiðslu og hafði lækkað úr 28,3% 1977. Mestur varð samdrátturinn í opinberri fjárfestingu eða rúm 15% í kjölfar 16% samdráttar 1977. Meginskýring þessa er tæplega 30% minnkun virkjunarframkvæmda, en samdráttur hefur einnig orðið á öðrum sviðum opinberrar fjárfestingar. Fjárfesting atvinnuveganna minnkaði um 6% árið 1978 samanborið við 37% aukningu 1977. Skýring þessa er einkum mun minni innflutningur fiski- og flutningaskipa 1978 heldur en 1977. Mikil aukning varð á framkvæmdum við járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga, en að þeim slepptum minnkaði fjárfesting atvinnuveganna um 13% 1978 samanborið við 33% aukningu 1977. Ætlað er, að bygging íbúðarhúsnæðis hafi aukizt um 2% 1978 samanborið við óbreytt umsvif milli áráanna 1976 og 1977.

Frá árinu 1956 að telja hefur hlutfall fjármunamyndunar og vergrar þjóðarframleiðslu verið að meðaltali um 28%. Frá stríðslokum og fram til 1956 var hlutfallið nokkru lægra eða rúm 21%, en frá 1956 hefur hlutfallið aðeins þrisvar sinnum verið lægra en 25%, árið 1961 tæp 23% og 24,5% 1962 og 1970. Hæst varð hlutfallið á árunum 1974 og 1975, 33% og 34%, en var eins og fyrr segir komið niður í 26% árið 1978, sem er nokkuð fyrir neðan meðaltal síðustu 23 ára, frá 1956 að telja. Munar verulega um hvert prósentustig eða um 5½ milljarð króna á árinu 1978, og hafa því sveiflur í innlendri fjármunamyndun haft mikil áhrif bæði á atvinnuástand og viðskiptajöfnuð.

Ástæður þess, að fjárfestingarhlutfallið hefur verið fremur hátt síðustu 20 árin hér á landi, má að sjálfsögðu fyrst og fremst rekja til örrar atvinnuuppbyggingar. Ef einstök ár eru tekin til skoðunar, má benda á, að fjárfesting í fiskveiðum var mjög mikil á árunum 1972 til 1975. Mikið fé hefur verið fest í rafvirkjunum, t. d. árin 1957 til 1959 og frá árinu 1967 með litlum undantekningum. Þegar olíukreppan skall yfir á árinu 1973, hljóp mikill fjörkippur í hitaveituf framkvæmdir eins og eðlilegt mátti telja, og á árinu 1978 tók verulega að gæta framkvæmda við járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga.

Ef litið er á grófustu skiptingu fjármunamyndunarinnar, þ. e. atvinnuvegafjárfestingu, íbúðabyggingar og fjárfestingu opinberra aðila miðað við verga þjóðarframleiðslu, þá sýna tölur, að



Innlendur sparnaður

Innlend verðmætaráðstöfun

Launamál

hlutur íbúðabygginga hefur verið nokkuð stöðugur síðustu 25—30 árin eða yfirleitt á bilinu 6—7% af vergri þjóðarframleiðslu, ef frá eru talin árin 1955—60, en þá var hlutfallið nokkru hærra. Hins vegar hafa hlutföll fjárfestingar atvinnuveganna og opinberra aðila hækkað með vaxandi heildarfjárfestingu, einkum opinber fjárfesting, en hún hefur þó sveiflazzt nokkuð og verið mest á tímum mikilla orkuframkvæmda.

Þess má sjálfsagt vænta, að fjárfestingarhlutfallið verði nokkru lægra á næstunni heldur en á árunum 1972 til 1976, ekki sízt í ljósi þess, að miklum áföngum er þegar lokið á sviði hitaveituframkvæmda og veruleg endurnýjun fiskiskipaflotans hefur þegar átt sér stað og frekari afkastaaukning hans ekki æskileg í ljósi náttúrulegra takmarka fiskistofnanna við landið. Gera má ráð fyrir, að raforkuframkvæmdir verði umtalsverður þáttur á næstu árum, enda nauðsynlegt að halda áfram beizlun fallvatna og annarra innlendra orkulinda með hæfilegum hraða og án mikilla breytinga milli ára.

Skilyrði ytra jafnvægis er, að innlendur sparnaður sé a. m. k. jafn fjárfestingunni. Frá 1950 til 1978 varð aðeins á 6 árum afgangur í viðskiptum við útlönd, öll önnur ár varð halli og þar með fjárfesting umfram innlendan sparnað. Frá 1961 hefur hlutfall innlends sparnaðar og vergrar þjóðarframleiðslu verið 25—26% til jafnaðar, og aðeins 4 ár á 18 ára tímabilinu 1961—1978 var hlutfallið lægra en 25%, þ. e. 1967, 1968, 1974 og 1975. Þar sem markmið stjórnvalda er, að jöfnuður skuli ríkja í viðskiptunum við útlönd, er óhjákvæmilegt að halda fjárfestingunni innan marka innlends sparnaðar, sem síðustu 3 árin, þ. e. eftir erfiðleikaárin 1974 og 1975, hefur verið að meðaltali um 28%.


Þegar framantaldir þættir, einkaneyzla, samneyzla og fjármunamyndun, eru dregnir saman, kemur í ljós, að innlend verðmætaráðstöfun hefur aukizt um 3% á árinu 1978. Ef birgðabreytingar eru taldar með, kemur í ljós, að verðmætaráðstöfunin í heild hefur ekki breytt frá fyrra ári samanborið við 10% aukningu 1977. Ekki verður fjallað hér nánar um hinar miklu birgðabreytingar á árinu 1978, heldur vísað um það efni til kaflans hér á eftir um greiðslujöfnuð og gjaldeyrismál.

Eins og kunnugt er voru gerðir viðamiklir launasamningar á árinu 1977 fyrir flesta hópa launþega. Gildistími ASÍ-samninganna var til 1. desember 1978 og gildistími BSRB-samninganna fram á mitt ár 1979. Í samningunum fólust mjög virk ákvæði um verðlagsbætur á laun, sem reiknast skyldu á þriggja mánaða fresti. Þetta hafði í för með sér öra víxlhækkun launa og verðlags og vaxandi verðbólgu. Þegar kom fram í febrúar 1978 og ljóst var orðið, hver yrði vísitöluhækkun launa frá 1. marz að telja, gripu

stjórnvöld í taumana, og Alþingi samþykkti stjórnarfrumvarp um ráðstafanir í efnahagsmálum. Þær fólu m. a. í sér helmingskerðingu verðbóta á laun, þ. e. laun skyldu hækka um sem svaraði helmingi hækkunar verðbótavísitölunnar. Með reglugerð voru síðan sett ákvæði um greiðslu verðbótaviðauka á lægstu laun, þannig að vísitöluhækkunin yrði ekki minni en ákveðið krónutölumark. Af þessu leiddi, að þrátt fyrir 10,64% hækkun verðbótavísitölunnar hækkuðu laun um aðeins 5,32% að frátöldum hinum allra lægstu. Meðaltalshækkun launa hinn 1. marz var nálægt 6%. Vaxandi ókyrrðar gætti á vinnumarkaðnum eftir þessar aðgerðir, og hinn 10. apríl gekk í gildi takmarkað útflutningsbann verkalýðsfélaganna. Ennfremur sögðu flest verkalýðsfélög samningum sínum lausum með vísan til 10. greinar gildandi samninga, en hún kvað svo á, að ef sett yrðu lög á samningstímanum, sem breyttu ákvæðum samnings um greiðslu verðbóta á laun, væri hvorum aðila um sig heimilt að segja upp kaupgjaldsákvæðum samningsins með eins mánaðar fyrirvara.

Hinn 24. maí setti ríkisstjórnin bráðabirgðalög, þar sem verðbótaákvæði febrúarlaganna voru rýmkuð verulega. Óskert vísitala var nú greidd upp að ákveðnu hámarki, 122 þús. kr. mánaðarlaunum í maí, og síðan lækkandi hlutfallsverðbót, þar til að komið var niður í sem svaraði hálfri vísitöluuppþót við 244 þús. kr. mánaðarlaun í maí. Hækkun verðbótavísitölunnar var 12,8%, og vegna lagasetningarinnar og 3—4% áfangahækkunar flestra launataxta varð meðaltalshækkun launa hinn 1. júní því nálægt 16%. Talsverður munur var þó á hlutfallshækkunum hinna ýmsu hópa launþega. Nokkur vik urðu frá framkvæmd ákvæða bráðabirgðalaganna og fáein bæjarfélög, svo sem Reykjavíkurborg, ákváðu að taka upp fullar verðbætur í áföngum.

Eftir stjórnarskiptin 1. september voru með bráðabirgðalögum, sem sett voru 8. september, felld úr gildi verðbótaákvæði laganna frá því í febrúar og bráðabirgðalaganna frá maí og þess í stað ákveðið að greiða fullar vísitölubætur á laun upp að 230 þús. kr. mánaðarlaunum í ágúst og fasta krónutöluverðbót á öll laun þar fyrir ofan í stað hálftrar vísitölu. Ennfremur fólu bráðabirgðalögin 8. september það í sér, að 8,1% hækkun verðbótavísitölunnar frá 1. maí til 1. ágúst var eytt með hækkun niðurgreiðslna og niðurfellingu söluskatts á matvöru, þannig að engar verðbætur umfram þær, sem leiddi af hækkun vísitöluþaksins, komu til útborgunar í september. Hinn 1. september tók gildi 3% samningsbundin hækkun launataxta, og vegna hennar og hækkunar vísitöluþaksins hækkuðu laun að meðaltali um 9% frá 1. september að telja. Samkvæmt hækkun verðbótavísitölu frá 1. ágúst til 1. nóvember hefðu laun átt að hækka um 14,1% 1. desember. Hinn





Kaupmáttur



Atvinna

Verðþróun


30. nóvember setti Alþingi hinsvegar lög um tímabundnar ráðstafanir gegn verðbólgu, sem fólu í sér niðurgreiðslur og vilyrði um félagslegar umbætur í þeim mæli, að verðbótahækkun launa frá 1. desember takmarkaðist við 6,12% og leiddi af sér meðaltals-hækkun launa, er nam um 6%.

Ef allt er tekið saman, má ætla, að kauptaxtar allra launþega hafi hækkað um 55% milli ársmeðaltala 1977 og 1978 samanborið við 45% 1977. Brúttótekjur einstaklinga hækkuðu um 53—54% sam-anborið við 44% 1977. Frá upphafi ársins til loka þess hækkuðu launataxtar um 41% samanborið við yfir 60% árið 1977.

Kaupmáttur kauptaxta allra launþega er talinn hafa aukizt um rúm 7% að meðaltali 1978 samanborið við 12—13% 1977, en kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna hækkaði minna, eink-um vegna hækkunar beinna skatta, eða um 5—6% samanborið við 13% 1977. Á árinu 1978 var kaupmáttur kauptaxta ívið lægri en hann var mestur á árinu 1974, en hvort sem lítið er á raun-gildi heildaratvinnutekna, brúttótekna einstaklinga eða ráðstöfun-artekna heimilanna, þá var það allt hærra en nokkru sinni áður. Í ársskýrslu bankans fyrir árið 1977 var nokkuð vikið að ólíkri þróun kauptaxta og tekna, sem rekja má til ýmissa orsaka svo sem launaskriðs, yfirborgana og fleira þess háttar. Efra línuritið á blaðrönd sýnir árlegar breytingar kauptaxta annarsvegar og at-vinnutekna hinsvegar og breytingar framfærslukostnaðar til samanburðar. Eins og línuritið sýnir hækkuðu atvinnutekjur meira en kauptaxtar á hverju ári frá 1968 til 1976, en síðustu tvö árin hefur hækkunin verið svipuð. Þetta staðfestir enn frekar, að launataxtarnir eru ekki algildur mælikvarði á afkomu launþega og breytingar hennar á milli ára.

Atvinnuástand var gott mestallt árið 1978. Ef dæma má af skýrsl-um Kjararannsóknarnefndar, urðu óverulegar breytingar á vinnu-tíma á árinu í heild. Á öðrum ársfjórðungi var vinnutími t. d. með því allra lengsta, sem þekkt hefur. Atvinnuleysi var lítið á árinu í heild eins og endranær eða að meðaltali aðeins um 0,5% af vinnuaflinu samanborið við 0,4% 1977 og 0,6% 1976. Að vísu voru nokkru fleiri skráðir atvinnulausir í lok ársins en á sama tíma síðustu árin, þótt ekki sé atvinnuleysis tekið að gæta að nokkru marki.

Um mitt ár 1977 var verðbólgan komin vel niður fyrir 30% á ári, en síðan tók hraði hennar að aukast á ný. Tólf mánaða hækk-un framfærsluvísitölunnar til 1. febrúar 1978 var 37,2%, til 1. maí 42,8%, til 1. ágúst 51,7% og til 1. nóvember 46,9%. Hækk-unin frá 1. ágúst 1977 til jafnlengdar 1978 var með því mesta, sem um getur á einu ári. Á árinu 1975 urðu hækkunirnar ofur-lítið meiri. Að meðaltali hækkaði framfærslukostnaður um 44%



1978 samanborið við 30,5% 1977 og 32,2% 1976. Orsakir vaxandi verðbólgu á síðari hluta árs 1977 og lengst af 1978 má rekja til mikillar peningabenslu framan af ári 1977 og gífurlegra umsaminnna launahækkana á miðju ári og síðla hausts sama ár. Síðan hefur margt valdið því, að erfiðlega gengur að ná verðbólgunni niður aftur. Verðbótaákvæði sólstöðusamninganna svonefndu voru mun harðari en áður hafði verið og eru ríkur þáttur í að viðhalda mikilli verðbólgu. Óumflýjanlegar gengislækkunar krónunnar hafa ýtt undir innlendar verðhækkunar, ríkisbúskapurinn hefur verið þensluvaldur eins og nánar verður fjallað um í kaflanum um fjármál ríkisins, og peningaframboð var mikið á árinu 1978, samanber kaflann um peningamál. Mikið hefur því skort á, að nægilega samræmdum og styrkum aðgerðum væri beitt. Meðfylgjandi línurit og neðra línuritið á síðustu blaðsíðu sýna ársfjórðungslega þróun framfærslukostnaðar 1973 til 1978 og meðaltalshækkun hans á milli ára frá 1968 til 1978.


GREIÐSLUJÖFNUÐUR OG GJALDEYRISMÁL

Hagstæður heildargreiðslujöfnuður

Á árinu 1978 varð áframhald á þeirri hagstæðu þróun greiðslujafnaðar, sem hófst á árinu 1976, en þá urðu mikil umskipti frá miklum halla á viðskiptajöfnuði og heildargreiðslujöfnuði áráanna 1974 og 1975. Samkvæmt beinu greiðslujafnaðaruppgjöri varð viðskiptajöfnuður hagstæður um 8,0 milljarða króna á árinu 1978, sem er um 1,5% af vergri þjóðarframleiðslu. Árið áður varð viðskiptahalli hinsvegar 13,7 milljarðar króna reiknað á viðskiptagengi 1978 eða 2,6% af vergri þjóðarframleiðslu. Alla breytingu viðskiptajafnaðar frá árinu 1977 til ársins 1978 má rekja bæði til mismunandi þróunar útflutningsvörubirgða, sem jukust mjög mikið á árinu 1977, en lækkuðu hinsvegar á árinu 1978, og einnig til þess, að mikill samdráttur varð á innflutningi sérstakra fjárfestingarvara á árinu 1978 miðað við árið áður, einkum skipainnflutningi. Séu leiðréttingar gerðar á viðskiptajöfnuði fyrir þessu tvennu, reynist viðskiptajöfnuður áráanna 1977 og 1978 svo til hinn sami eða halli, sem nemur aðeins 0,2% af vergri þjóðarframleiðslu. Á árinu 1978 varð heildargreiðslujöfnuður, eins og hann kemur fram í breytingu á gjaldeyrisstöðu reiknað á viðskiptagengi ársins, hagstæður um 14,5 milljarða króna, en nettó-gjaldeyriseign bankanna nam 20,3 milljörðum króna í árslok 1978 reiknað á gengi í árslokin. Viðskiptajöfnuður varð eins og áður er sagt hagstæður um 8,0 milljarða króna, og má því rekja hluta af bata gjaldeyrisstöðunnar til aukinnar skuldasöfnunar, einkum langtímalána. Heildarstaða þjóðarbúsins út á við versnaði um 18,0 milljarða króna miðað við gengi í árslok, og nam nettóskuld þá um 218 milljörðum króna.

Þróun viðskiptajafnaðar

Á árinu 1978 varð viðskiptajöfnuður, þ. e. jöfnuður vöru- og þjónustuviðskipta, hagstæður um 8,4 milljarða króna, en árið 1977 óhagstæður um 13,7 milljarða króna reiknað á meðalviðskiptagengi ársins 1978. Samkvæmt beinum greiðslujafnaðartölum varð því viðskiptajöfnuður ársins 1978 22,1 milljarði króna hagstæðari en árið áður. Ólík birgðaþróun útflutningsvara og sveiflur á innflutningi sérstakra fjárfestingarvara eru meginor-



Verðmæti útflutningsframleiðslu

Aukning útflutningsverðmætis

sök þessa mikla mismunar. Útflutningsvörubirgðir minnkuðu um 6,0 milljarða króna 1978, en jukust um 10,4 milljarða króna 1977. Birgðabreytingar hvors árs eru metnar á meðalútflutningsverði viðkomandi árs, en í báðum tilvikum reiknaðar á meðalviðskiptagengi ársins 1978. Sé viðskiptajöfnuður áramna 1977 og 1978 leiðréttur fyrir breytingu útflutningsvörubirgða reiknaðri á meðalgengi 1978 í báðum tilvikum eins og fyrr segir, reynist viðskiptajöfnuður hagstæður um 2,7 milljarða króna 1978, en óhagstæður um 3,4 milljarða króna 1977. Sveiflur í innflutningi sérstakra fjárfestingarvara eru oft verulegar, og varð t. d. innflutningur þeirra tæpum 8 milljörðum króna lægri 1978 en árið áður vegna minni skipainnflutnings. Ef sveiflur í innflutningi sérstakra fjárfestingarvara eru jafnaðar milli ára miðað við meðaltal síðustu þriggja ára og leiðrétting gerð á viðskiptajöfnuði samkvæmt því, ásamt leiðréttingu vegna breytingar útflutningsvörubirgða, reynist viðskiptajöfnuður hagstæður um 1,2 milljarða króna 1977, en óhagstæður um 1,0 milljarð króna 1978. Með þannig leiðréttum viðskiptajöfnuði fæst mun raunhæfari samanburður áramna 1977 og 1978 en samkvæmt beinu greiðslujafnaðaruppgjöri. Miðað við þjóðarframleiðslu varð viðskiptajöfnuður hagstæður um 1,5% af vergri þjóðarframleiðslu samkvæmt beinu uppgjöri, en óhagstæður um 0,2% samkvæmt framangreindum leiðréttum viðskiptajöfnuði. Samsvarandi tölur fyrir árið 1977 eru þær, að samkvæmt beinu uppgjöri nam hallinn 2,7% af vergri þjóðarframleiðslu, en 0,2% samkvæmt leiðréttum viðskiptajöfnuði, og samkvæmt því hlutfallslega jafn bæði árin.

Gjaldeyrisverðmæti útflutningsframleiðslu jókst í heild um nálægt 9% frá árinu áður. Framleiðsluverðmæti sjávarafurða jókst um 9%, en aukning framleiðslumagns er áætluð 5%. Verðmætisaukning álframleiðslu varð tæp 12%, en að magni nam aukningin 5%. Verðmæti annarrar iðnaðarvöru til útflutnings jókst um 6%.

Heildarverðmæti útflutnings nam 176,3 milljörðum króna á árinu 1978. Er það 21,5% aukning frá fyrra ári reiknað á meðalgengi ársins 1978. Þetta er mun meiri aukning en nemur aukningu á framleiðsluverðmæti, enda lækkuðu útflutningsvörubirgðir verulega á árinu. Verðmætisaukning útfluttra sjávarafurða varð 26%, verðmæti álútflutnings jókst um 11%, og verðmætisaukning annarra vöruflokka en sjávarafurða og áls nam 7%.

Meðfylgjandi tafla sýnir skiptingu útflutnings á helztu vöruflokka sl. fimm ár, og hafa tölur fyrri ára verið umreiknaðar til meðalgengis ársins 1978 samkvæmt vísitölu meðalgengis. Verðmæti sjávarafurða 1978 nam rúmlega 76% af heildarverðmæti útflutnings á móti tæpum 74% árið áður. Verðmæti álútflutn-

Útflutningur helztu vörflokka
(F.o.b.-verð í m.kr. á meðalgengi ársins 1978)

	1974	1975	1976	1977	1978
Sjávarafurðir	70.343	68.286	86.077	106.944	134.658
Landbúnaðarafurðir	2.703	2.513	3.019	3.414	4.076
Iðnaðarvörur	18.690	14.733	27.397	31.805	34.835
Þ.a. ál	13.699	9.230	19.942	21.257	23.652
Aðrar vörur	2.305	1.221	2.055	2.875	2.717
Útflutningur, alls	94.041	86.753	118.548	145.038	176.286

**Skipting útflutnings
á lönd**

ings nam 15% af verðmæti heildarútflutnings, sem er sama hlutfall og árið áður, en verðmæti annarra iðnaðarvara lækkaði úr 7,3% í 6,3% af heildarútflutningi.

Útflutningur til Bandaríkjanna lækkaði úr 30,2% í 29,7% af heildarútflutningi. Hlutdeild landa Efnahagsbandalagsins (EBE) jókst úr 30,0% í 32,1%. Útflutningur til landa Fríverzlunarsamtakanna lækkaði úr 14,6% í 12,9% af heildarútflutningi. Hlutur Sovétríkjanna í heildarútflutningi lækkaði verulega eða úr 7,0% 1977 í 3,9% 1978, og hlutur Austur-Evrópulanda í heild lækkaði úr 12,1% í 7,7%.

Útflutningsvörubirgðir

Eftirfarandi tafla sýnir verðmæti útflutningsvörubirgða í árslok sl. fimm ár miðað við verðlag í lok hvers árs, en umreiknað miðað við skráð gengi á bandarískum dollara í árslok 1978. Birgðir sjávarafurða voru miðað við gjaldeyrisverðmæti 26% lægri í árslok 1978 en 1977 og birgðir í heild um 20% lægri. Þrátt fyrir svo mikla birgðaminnkun á árinu voru birgðir í árslok með meira móti, enda hafði verið um að ræða óvenjumikla birgðaaukningu á árinu 1977. Birgðaminnkunin hafði hagstæð áhrif á gengisjöfnuð ársins 1978 og átti drjúgan þátt í, að viðskiptajöfnuður varð hagstæður um 8 milljarða, eins og nánar er greint frá hér að framan.

Útflutningsvörubirgðir
(Í m.kr. á gengi í árslok 1978)

	1974	1975	1976	1977	1978
Sjávarafurðir	12.883	10.861	15.691	28.688	21.319
Landbúnaðarafurðir	921	1.802	1.817	2.068	3.142
Kísilgúr	18	140	112	39	62
Ál	2.589	6.037	4.518	3.602	3.123
Alls	16.411	18.840	22.138	34.397	27.646


**Þróun
innflutnings**

Meðfylgjandi tafla sýnir mánaðarlegan almennan innflutning 1977 og 1978, skipt á olíuinnflutning og almennan innflutning á mánaðarlegu meðalgengi 1978, þ. e. tölur fyrir hvern mánuð 1977 hafa verið umreiknaðar til sambærilegs gengis viðkomandi

Almennur innflutningur


(C.i.f.-verð í m.kr. á mánaðarlegu meðalgengi 1978)

	1977			1978			Hlutfallsleg breyting (%) frá fyrra ári		
	Olía	Annar	Alls	Olía	Annar	Alls	Olía	Annar	Alls
Jan.	899	5884	6783	1113	7630	8743	23,8	29,7	28,9
Febr.	1002	7100	8102	1819	9009	10828	81,5	26,9	33,6
Marz	2731	8946	11677	1917	9115	11032	-29,8	1,9	-5,5
Apríl	951	8589	9540	842	11060	11902	-11,5	28,8	24,8
Mái	2028	9375	11403	1641	13004	14645	-19,1	38,7	28,4
Júní	2962	11275	14237	1626	12207	13833	-45,1	8,3	-2,8
Júlí	1211	10616	11827	976	11822	12798	-19,4	11,4	8,2
Ágúst	1704	9189	10893	1458	12018	13476	-14,4	30,8	23,7
Sept.	1696	13236	14932	2128	12036	14164	25,5	-9,1	-5,1
Okt.	2140	7890	10030	2080	13776	15856	-2,8	74,6	58,1
Nóv.	2720	15439	18159	3316	14314	17630	21,9	-7,3	-2,9
Des.	2111	14432	16543	2702	12738	15440	28,0	-11,7	-6,7
I.	4632	21930	26562	4849	25754	30603	4,7	17,4	15,2
II.	5941	29239	35180	4109	36271	40380	-30,8	24,1	14,8
III.	4611	33041	37652	4562	35876	40438	-1,1	8,6	7,4
IV.	6971	37761	44732	8098	40828	48926	16,2	8,1	9,4
Alls	22155	121971	144126	21618	138729	160347	-2,4	13,7	11,3



mánaðar 1978 samkvæmt vísitölu meðalgengis þess mánaðar. Utan almenns innflutnings telst innflutningur á skipum og flugvélum, fjárfestingarvörum til stórframkvæmda ásamt hráefni og rekstrarvörum álbræðslu.

Verðmæti almenns innflutnings jókst um 11,3% á árinu 1978 reiknað á meðalgengi ársins. Verðmæti olíuinnflutnings dróst þó saman um 2,4%, en verðmæti annars almenns innflutnings jókst um 13,7%. Ef litið er á þróun innflutnings eftir ársfjórðungum, gætir eins og jafnan verulegrar sveiflu milli ársfjórðunga í innflutningi á olíu. Að því er varðar annan almennan innflutning varð aukningin mest á 1. og 2. ársfjórðungi og hafði á fyrri helmingi ársins numið rúmlega 21% umfram innflutning á sama tímabili árið áður. Gengislækkunin í febrúar ásamt öðrum aðhaldsaðgerðum í efnahagsmálum hafa því ekki haft teljandi áhrif til þess að draga úr eftirspurn eftir almennum innflutningi, enda var bæði þörf birgðaendurnýjunar og fljótlega farið að spá í frekari gengislækkun síðar á árinu. Á síðari helmingi ársins nam aukning á öðrum almennum innflutningi en olíu 8,3%, og sé litið á síðustu fjóra mánuði ársins, það er eftir gengislækkunina í byrjun september, nam aukningin aðeins 3,7% á samsvarandi innflutningi miðað við sama tímabil árið áður. Í desembermánuði var um að ræða samdrátt um 11,7% eins og sjá má í töflunni hér að ofan. Innflutningur sérstakra fjárfestingarvara dróst í heild



saman um 41,2%. Mestur varð samdráttur í innflutningi skipa, sem lækkaði að verðmæti um 58%. Einnig varð nokkur lækkun á innflutningi flugvéla, og samtals lækkuðu þessir tveir liðir um 10,4 milljarða króna. Lækkun varð á innflutningi vegna virkjunarframkvæmda við Sigöldu og Kröflu um 0,8 milljarða króna. Hinsvegar jókst innflutningur vegna byggingar járnblendiverksmiðju úr 0,4 í 3,4 milljarða króna. Framangreindar tölur eru allar miðaðar við meðalgengi 1978. Skipting innflutnings eftir notkun varð þessi á árinu 1978: Neyzluvörur 36,8%, rekstrarvörur 32,8% og fjárfestingarvörur 30,4%.

Skipting innflutnings á lönd


Helztu breytingar á skiptingu innflutnings á lönd miðað við árið áður voru þær, að innflutningur frá löndum Fríverzlunarsamtakanna (EFTA) jókst úr 20,5% í 22,1% af heildarinnflutningi, en hlutur Austur-Evrópulanda lækkaði úr 12,3% í 10,2% af heildarinnflutningi, og þar af lækkaði hlutur Sovétríkjanna úr 9% í 8,4%. Hlutdeild landa Efnahagsbandalagsins (EBE) lækkaði lítið eitt eða úr 47,3% í 47,1% af heildarinnflutningi. Hlutur Bandaríkjanna jókst úr 6,6% í 7,1% af heildarinnflutningi.

Vöruskiptajöfnuður

Samkvæmt bráðabirgðatölum greiðslujafnaðar varð vöruskiptajöfnuður hagstæður um 8,0 milljarða króna 1978, en var óhagstæður um 14,9 milljarða 1977 umreiknaður á meðalgengi ársins 1978. Samkvæmt því er vöruskiptajöfnuðurinn 22,9 milljörðum króna hagstæðari 1978 en árið áður. Meginástæður fyrir þessum mikla mun eru samdráttur í innflutningi sérstakra fjárfestingarvara og mismunur á þróun útflutningsvörubirgða eins og nánar er greint frá hér að framan. Í greiðslujafnaðartölum eru bæði inn- og útflutningstölur reiknaðar á f.o.b.-verði.

Þjónustujöfnuður

Til þjónustujafnaðar teljast tekjur og gjöld af samgöngum, ferðalögum, tryggingum, vaxtagreiðslum, tekjur af viðskiptum við varnarliðið o. fl. Samkvæmt bráðabirgðayfirliti er áætlað, að þjón-



ustutekjur hafi numið 73,5 milljörðum króna, og er það um 19% aukning frá fyrra ári.

Þjónustugjöld námu 73,1 milljarði króna, sem er rúmlega 20% aukning frá árinu 1977, þegar miðað er við meðalgengi 1978. Þjónustujöfnuður varð því hagstæður um 0,4 milljarða króna 1978. Á samsvarandi gengi var þjónustujöfnuður 1977 hagstæður um 1,1 milljarð króna. Með gjöldum 1978 eru talin gjöld vegna álbræðslu, 3,4 milljarðar króna, en voru 3,3 milljarðar króna 1977. Af einstökum liðum þjónustujafnaðar vegur samgönguliðurinn þyngst eða nálægt 46% gjaldamegin og 56% teknamegin. Innan samgönguliðarins eru tekjur og gjöld vegna flugs stærsti þátturinn, og námu tekjur flugfélaga um 73% tekna af samgöngum og um 41% af þjónustutekjum í heild. Útgjöld flugfélaga námu um 55% af útgjöldum vegna samgangna og um 25% af þjónustuútgjöldum í heild. Á ferða- og dvalarkostnaðarliðnum er aðeins talinn til tekna sá hluti tekna af erlendum ferðamönnum, sem skilað er til banka, þar með taldar tekjur frihafnar á Keflavíkflugvelli. Hinsvegar eru fargjöld, sem erlendir ferðamenn greiða fyrir ferðir með íslenskum farartækjum milli landa, talin í samgöngulið og eru mikilvægur hluti hans. Með gjöldum vegna ferðalaga er talinn námskostnaður, sem nam 2,2 milljörðum króna 1978, og sjúkrakostnaður að upphæð 0,3 milljarðar króna. Vaxtagjöld á árinu 1978 námu 16 milljörðum króna og höfðu aukizt um 2,3 milljarða króna frá fyrra ári, en á árinu 1977 höfðu þau aukizt um 1,4 milljarða króna reiknað á meðalgengi 1978. Tekjur af varnarliði jukust um 2 milljarða króna 1978 miðað við árið áður, og er það nálægt 16% aukning reiknað á meðalgengi 1978.

Framlög án endurgjalds, en til þeirra teljast eignayfirfærslur, rekstrarframlög til alþjóðastofnana og gjafafé, urðu óhagstæð um 255 m.kr. á árinu 1978.


Fjármagnshreyfingar

Helztu liðir fjármagnsjafnaðar eru innkomin lán til lengri tíma en eins árs, endurgreiðslur slíkra lána, stutt vörukaupalán, ógreiddur útflutningur og ýmsar aðrar fjármagnshreyfingar. Eftirfarandi yfirlit sýnir bráðabirgðatölur yfir hreyfingar langra erlendra lána á árinu 1978 skipt á opinbera aðila, lánastofnanir og einka-

Hreyfingar langra erlendra lána 1978

(Í m.kr. á meðalgengi ársins 1978)

	Innkomið	Afborganir	Nettóaukning
Opinberir aðilar	16.995	—8.830	8.165
Lánastofnanir	7.340	—5.020	2.320
Einkaaðilar	10.505	—6.450	4.055
Samtals	34.840	—20.300	14.540



aðila, eftir því hverjir af þessum aðilum hafa tekið lánin hjá hinum erlendu lánveitendum.

Samkvæmt yfirlitinu hafa skuldir í formi erlendra lána til eins árs og lengri tíma hækkað um 14,5 milljarða króna. Þar af voru 2,7 milljarðar kr. vegna breytingar á skammtímalánum í lán til langs tíma, en skammtímalánin voru á sínum tíma tekin vegna þess, að þá þótti af markaðsástæðum heppilegra að bíða með lán-töku til lengri tíma. Er því raunveruleg aukning langtímalána á árinu 1978 11,8 milljarðar króna, og er það tæpum 8 milljörðum króna meira en reiknað var með í upphaflegri lánsfjáráætlun ársins 1978. Má rekja þessa miklu aukningu til meiri fjármagnsþarfar vegna aukinna framkvæmda opinberra aðila, einkum í orkumálum, og hækkunaráhrifa gengis- og verðlagsbreytinga, sem ekki hefur verið unnt að fjármagna með lánum innanlands. Samkvæmt bráðabirgðatölum var heildarupphæð langra erlendra lána 229,7 milljarðar króna í árslok 1978 reiknað á gengi í árslok-in, en fært til meðalgengis ársins eru það um 35% af vergri þjóðarframleiðslu, sem er svipað hlutfall og nokkur undanfarin ár. Greiðslubyrði af löngum erlendum lánum, það er afborganir og vextir, nam samkvæmt bráðabirgðatölum 13,3% af útflutningstekjum, en allt frá árinu 1975 hefur þetta hlutfall numið nálægt 14%. Á árinu 1975 hækkaði greiðslubyrðin í 14,2% úr 11,2% 1974, bæði vegna vaxandi greiðslna og stöðunar í útflutningstekjum. Á árunum 1974 og 1975 virtist greiðslubyrði næstu ára stefna í 18% til 20% af útflutningstekjum, en eins og fyrr segir hefur hlutfallið haldizt rétt innan við 14%, og má

Greiðslujöfnuður við útlönd

(Í m.kr. á meðalgengi 1978)

	1977	1978
Innfluttar vörur, f. o. b.	-159.920	-168.275
Útfluttar vörur, f. o. b.	145.040	176.285
Vöruskiptajöfnuður	-14.880	8.010
Þjónustujöfnuður	1.140	410
Viðskiptajöfnuður	-13.740	8.420
Framlög án endurgjalds, nettó	-15	-255
Fjármagnsjöfnuður	22.230	6.305
Heildargreiðslujöfnuður	8.475	14.470



einkum þakka það meiri aukningu á útflutningstekjum en talið var varlegt að reikna með ásamt því aukna aðhaldi, sem hefur verið í erlendum lántökum síðustu árin. Línurit á spássíu sýnir árslokastöðu erlendra lána til eins árs og lengri tíma, færða til meðalgengis hvers árs, í hlutfalli af vergri þjóðarframleiðslu ásamt greiðslubyrði slíkra lána í hlutfalli af útflutningstekjum sl. tólf ár. Stutt vörukaupalán innflytjenda jukust um 2,3 milljarða króna reiknað á meðalgengi ársins og ógreiddur útflutningur um 2,9 milljarða króna reiknað á sama hátt. Nettóinnstreymi á þessum þremur mikilvægu liðum fjármagnsjafnaðarins, langtímalánum, stuttum vörukaupalánum og ógreiddum útflutningi, nam því 13,9 milljörðum króna á árinu 1978. Í árslok 1978 var nettóskuld við útlönd á þessum þremur liðum 238,7 milljarðar króna, en sé nettógaldeyriseign bankanna dregin frá þeirri skuld, er nettóskuld þjóðarbúsins við útlönd 218 milljarðar króna. Á 9. töflu í viðauka um stöðu þjóðarbúsins út á við eru sýndar stöðutölur fyrir þessa liði síðustu ellefu ár.

Á öðrum liðum fjármagnsjafnaðarins, sem eru erlent einkafjármagn til atvinnurekstrar og ýmsar stuttar reikningshreyfingar, varð nettóúttreymi 7,6 milljarðar króna. Í heild nam nettóinnstreymi á fjármagnsjöfnuði því 6,3 milljörðum króna. Utan við fjármagnsjöfnuðinn eru svo greiðsluhreyfingar bankakerfisins, sem valda breytingu gjaldeyrisstöðunnar, samanber liðinn heildargreiðslujöfnuður á meðfylgjandi töflu, sem sýnir bráðabirgðayfirlit helztu þátta greiðslujafnaðarins 1978, þar sem einnig eru tilgreindar tölur fyrir árið 1977. Til þess að auðvelda samanburð hafa tölur ársins 1977 verið umreiknaðar til meðalviðskiptagengis 1978.


Á 4. töflu aftast í skýrslunni er nánara yfirlit yfir greiðslujöfnuð við útlönd á árunum 1974—1979, og á 5. töflu er ársfjórðungslegt yfirlit yfir greiðslujöfnuð 1977 og 1978.

Gjaldeyrisstaðan

Meðfylgjandi yfirlit sýnir gjaldeyrisstöðu bankanna sl. þrjú ár. Tölur í þessu yfirliti eru umreiknaðar úr erlendri mynt í íslenskar krónur á skráðu gengi í árslok 1978 og eru því á sambærilegu gengi innbyrðis, en ekki við tölur hér að ofan, sem miðaðar eru við meðalviðskiptagengi 1978. Minni hækkun gjaldeyrisstöðunnar en svarar heildargreiðslujöfnuði á meðalviðskiptagengi stafar af mismunandi tímasetningu viðskipta á hvora hlið innan ársins ásamt mismunandi samsetningu gjaldmiðla og áhrifum þess á meðalgengi ársins.

Gjaldeyrisstaða bankanna

(Í m.kr. á gengi í árslok 1978)



	1976	1977	1978
Seðlabankinn			
Gjaldeyrisforði	25.636	33.570	43.778
Gjaldeyriskuldir	-28.415	-26.963	-26.452
Nettóstaða Seðlabanka	-2.779	6.607	17.326
Viðskiptabankar, nettó	2.312	2.734	2.944
Gjaldeyrisstaða bankanna, mettó	-467	9.341	20.270

Í byrjun árs 1978 nam skuld Seðlabankans við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn 62,2 milljónum SDR-eininga. Á árinu var byrjað að endurgreiða hluta af svokölluðum olíulánum ásamt hluta af hinn almennu skuld við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, og voru samtals endurgreiddar 9,3 milljónir SDR-eininga, þannig að skuldin í árslok nam 52,9 milljónum SDR-eininga.


Upphæð langra erlendra lána, sem tekin voru á árinu 1978 og komu inn í gjaldeyriskaup bankanna og höfðu þannig bein áhrif á bata gjaldeyrisstöðunnar, nam 13,4 milljörðum króna reiknað á gengi í árslok. Í síðustu ársskýrslu var sagt frá breytingu, sem gerð var á reglugerð um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála, þar sem innlendum aðilum, sem eignast erlendan gjaldeyri og ekki er beinlínis skylt að selja hann innlendum gjaldeyrisbönkum, er heimiluð stofnun gjaldeyrisreikninga í eftirtöldum gjaldmiðlum: bandarískum dollurum, þýzkum mörkum, sterlingspundum og dönskum krónum. Byrjað var að taka á móti fé á gjaldeyrisreikninga rétt fyrir árslok 1977. Á árinu 1978 var þessi heimild notuð talsvert, og námu innstæður á gjaldeyrisreikningum 1.078 m.kr. í árslok 1978.

FJÁRMÁL RÍKISINS

Afkoma ríkissjóðs á árinu 1978 varð allmiklu verri en gert hafði verið ráð fyrir í fjárlögum ársins og æskilegt hefði verið frá þjóðhagslegu sjónarmiði. Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri ríkisbókhalds nam rekstrarhalli ríkissjóðs (þ. e. gjöld umfram tekjur) á árinu 5 milljörðum króna. Á lánareikningum utan Seðlabankans var nettóinnstreymi að fjárhæð 1,6 milljarðar króna, þannig að greiðsluhalli ríkissjóðs varð 3,4 milljarðar króna. Greiðsluhallinn gagnvart Seðlabankanum nam 4,4 milljörðum króna, en aukning bankainnstæðna og sjóðs 1 milljarði.

Á árunum, sem liðin eru, síðan þjóðarbúið tók að rétta úr kútnum eftir erfiðleikaárin 1974 og 1975, hefur ekki tekizt að ná jöfnuði í fjármálum ríkissjóðs, heldur hefur hann verið í stöðugum halla. Á árinu 1978 samsvaraði greiðsluhallinn 0,6% vergrar þjóðarframleiðslu samanborið við 0,5% árið 1977 og 0,2% 1976. Því fer fjarri, að útkoman síðustu árin hafi verið í samræmi við fjárlög eða stefnu stjórnvalda á hverjum tíma. Þvert á móti hafa fjárlög ætíð verið afgreidd með greiðsluafgangi, en breyttar aðstæður, ekki sízt vegna hinnar þrálátu verðbólgu, hafa vafalaust valdið mestu um, að útkoman hefur reynzt önnur en að var stefnt. Þetta á a. m. k. við um síðasta ár, en halli ríkissjóðs þá var að nokkru leyti afleiðing aðgerða þeirra, sem gripið var til í september til að draga úr víxlhækkunum kaupgjalds og verðlags. Stefna stjórnvalda undanfarin ár hefur í grófum dráttum verið þríþætt: Að draga úr verðbólgu, að minnka viðskiptahallann við útlönd og að viðhalda fullri atvinnu. Atvinnuástand hefur verið gott öll árin og raunar ofþanið í ýmsum greinum, og eins og lýst er í kaflanum hér að framan varð afgangur á viðskiptajöfnuðinum gagnvart útlöndum á árinu 1978. Öðru máli gegnir um verðbólgu, en árangurinn í baráttunni við hana hefur ekki verið í neinu samræmi við fyrirætlanir stjórnvalda.

Sem fyrr segir hafa fjárlög undanfarinna ára verið afgreidd með nokkrum greiðsluafgangi og því hefði mátt vænta þess, að rekstur ríkissjóðs leiddi af sér minnkandi þenslu innanlands, enda



Nokkrar yfirlitstölur



slíkt nauðsynlegt ásamt með öðrum aðgerðum, sem miðuðu að sama marki. Reyndin varð þó önnur og má raunar segja, að ríkissjóður hafi á árunum 1976 til 1978 fremur ýtt undir innlenda þenslu en hitt og þar með gert stjórnvöldum mun erfiðara að ná tveimur þeirra markmiða, sem að framan er getið, þ. e. minnkandi verðbólgu og bættum viðskiptajöfnuði. Fjárlagaáætlun hvers árs gerði ráð fyrir, að víxlverkanir verðlags og kaupgjalds yrðu veikari og möguleikar stjórnvalda til að beita sérstökum ráðstöfunum í þessum efnnum sterkari en raun varð á. Því hefur málum stundum verið þannig komið, að stjórnvöld töldu meira unnið með því að greiða niður verðbólguna, þótt það gerðist óhjákvæmilega á kostnað aukinnar þenslu undir niðri vegna áhrifa ríkissjóðshalla. Fjármálastefnan hefur þannig verið í hálfgerðri sjálfheldu milli tvennskonar verðbólguhvætjandi afla, og ekki hefur tekizt að beita ríkisfjármálunum með nægilegu tilliti til þjóðhagslegra markmiða eða sveiflujöfnunar.

Heilsárstölurnar um greiðsluhalla ríkissjóðs, sem raktar voru hér að framan, virðast e. t. v. í fljótu bragði ekki vera þess eðlis, að þensluáhrif ríkisbúskaparins geti hafa talizt veruleg. Á hinn bóginn verður að benda á, að mikil árstíðasveifla er í fjármálum ríkissjóðs, og getur hún verið afdrifarík eins og nánar verður vikið að síðar í þessum kafla.

Í fjárlögum fyrir árið 1978 var gert ráð fyrir, að heildartekjur ríkissjóðs næmu 139,5 milljörðum króna, gjöld 138,5 milljörðum og þar með að rekstrarafgangur yrði að fjárhæð 1 milljarður. Áætlað nettóinnstreymi á lánareikningum utan Seðlabankans nam 2,6 milljörðum og greiðsluafgangur þar af leiðandi 3,6 milljörðum króna, sem skyldu ganga til afborgana á skuldum ríkissjóðs í Seðlabankanum, en þær námu 14,6 milljörðum króna í árslok 1977. Samkvæmt bráðabirgðayfirliti ríkisbókhalds urðu tekjurnar 11% hærrí og gjöldin 15,5% hærrí en fjárlög gerðu ráð fyrir og af tölum, sem þegar hafa verið nefndar, má ráða, að greiðslujöfnuðurinn varð 7 milljörðum króna lakari en stefnt var að í fjárlögum. Taflan, sem fer hér á eftir, sýnir nánar greiðsluyfirlit ríkissjóðs síðustu árin og helztu stærðir þess í hlutfalli við verga þjóðarframleiðslu. Þegar útkoman 1978 er skoðuð, er rétt að hafa í huga, að aðstæður voru um margt erfiðar og kölluðu því á skjótar aðgerðir um mánaðamótin ágúst/september. Launamálin voru í hnút, og útflutningsatvinnuvegirnir áttu í erfiðleikum vegna síversnandi samkeppnisaðstöðu. Að sjálfsögðu kom hér verulega til kasta ríkissjóðs eins og rakið verður hér á eftir og þá því miður á kostnað greiðsluafkomunnar á árinu.

Ástæður þess, að vik frá fjárlögum urðu svo mikil sem lýst hefur verið, eru einkum tvær. Annars vegar urðu hækkanir verðlags

Yfirlit yfir fjármál ríkissjóðs

(Á greiðslugrunni í m.kr.)

	1974	1975	1976	1977	1978
1 Tekjur	35.784	49.343	68.282	95.616	154.861
2 Gjöld	40.289	57.577	69.846	101.120	159.898
3 Rekstrarafgangur (1—2)	—4.505	—8.234	—1.564	—5.504	—5.037
4 Lánveitingar, mettó	—43	—492	—520	—535	—2.144
5 Fjármagnsafgangur (3+4)	—4.548	—8.726	—2.084	—6.039	—7.181
6 Lántökur, nettó	830	2.177	1.909	3.899	4.850
7 Lausaskuldir	327	1.045	—343	376	—1.042
8 Greiðsluafgangur (5+6+7)	—3.391	—5.504	—518	—1.764	—3.373
81 Greiðsluhr. við Seðlabanka	—3.514	—5.531	—896	—2.133	—4.355
82 Sjóður og bankainnstæður	123	27	378	369	982

Hlutföll af vegrri þjóðar-
framleiðslu (%)

1 Tekjur	26,1	26,4	26,5	26,1	28,1
2 Gjöld	29,4	30,8	27,1	27,6	29,0
3 Rekstrarafgangur	—3,3	—4,4	—0,6	—1,5	—0,9
5 Fjármagnsafgangur	—3,3	—4,7	—0,8	—1,7	—1,3
8 Greiðsluafgangur	—2,5	—2,9	—0,2	—0,5	—0,6

og kaupgjalds miklu meiri en gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga, og hins vegar höfðu hinar víðtæku aðgerðir, sem gripið var til í september, mikil áhrif á afkomu ríkissjóðs. Gagnstætt því að lækka skuldir sínar við Seðlabankann eins og ráðgert var jók ríkissjóður þær, og nam hækkunin frá árslokum 1977 til loka árs 1978 11,4 milljörðum króna skv. reikningum Seðlabankans, þar af voru 7,4 milljarðar uppfærsla gengisbundinna skulda, og nam heildarskuldin við bankann í árslok 26 milljörðum króna. Vegna aðgerðanna, sem gripið var til á árinu, urðu nokkrar breytingar á dreifingu á einstaka tekna- og gjaldaflokka. Mikilvægi beinna skatta jókst t. d. töluvert á kostnað óbeinna, einkum söluskatts, og veruleg aukning varð á niðurgreiðslum ríkissjóðs.

Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1978 var hækkun skattvísitölnunnar ákveðin 31% og fyrirframinnheimta opinberra gjalda 70% af álöggðum gjöldum ársins 1977. Tollalækkunir í samræmi við ákvæði samninga Íslands við Efnahagsbandalagið og EFTA komu til framkvæmda í ársbyrjun. Í febrúarmánuði samþykkti Alþingi lög um ráðstafanir í efnahagsmálum, sem m. a. fólu í sér skertar vísitölubætur, hækkaðar barnabætur, skyldusparnað fyrir-tækja, lækkun vörugjalds úr 18% í 16% frá 20. febrúar og heimildir til lækkunar ríkisútgjalda um 1 milljarð og 1,5 milljarða króna lækkunar spariskirteinaútgáfu. Í maímánuði samþykkti Alþingi ný skattalög, sem beitt verður í fyrsta skipti á árinu 1980, er gjöld verða lögð á tekjur og eignir ársins 1979. Í maímánuði


Aðgerðir á sviði
ríkisfjármála

samþykkti Alþingi ennfremur að leggja 3% jöfnunargjald á innfluttar iðnaðarvörur með gildistíma frá 6. maí 1978 til ársloka 1980. Tekjum af gjaldinu er varið til eflingar innlands iðnaðar. Aðgerðirnar, sem nýmynduð ríkisstjórn ákvað að beita sér fyrir í september og áhrif höfðu á fjármál ríkissjóðs, voru einkum eftirfarandi: Niðurgreiðslur voru stórauðnar, og samsvaraði aukningin 4,9% í verðbótavísitölu. Kostnaðarauki ríkissjóðs af þessum sökum var áætlaður 3 milljarðar króna 1978. Söluskattur á matvöru var afnuminn, og samsvaraði þetta 2,6% í verðbótavísitölu, áætlað tekjutap ríkissjóðs 1978 1,4 milljarðar króna. Viðbótar eignarskattur var lagður á einstaklinga og fyrirtæki, og var áætlaður tekjuauki 1,4 milljarðar króna. Viðbótar tekjuskattur var lagður á einstaklinga og fyrirtæki, og var tekjuauki áætlaður 1,9 milljarðar króna. Sérstakt vörugjald var hækkað úr 16% í 30% á ákveðnum neytluvörum, áætlaður tekjuauki 400 milljónir króna. Skattur, sem nemur 10%, var lagður á seldan ferðamannagjaldeyri, áætlaðar tekjur 1978 0,2 milljarðar króna. Þá var ríkisstjórninni ennfremur heimilað að lækka ríkisútgjöld um 1 milljarð til viðbótar samskonar heimild frá því í febrúar. Í lok nóvembermánaðar samþykkti Alþingi lög um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu. Þau fólu m. a. í sér auknar niðurgreiðslur að jafngildi 3% í verðbótavísitölunni. Að teknu tilliti til aðgerða nýrrar ríkisstjórnar og áhrifa gengislækkunarinnar í september var áætlað, að afkoma ríkissjóðs yrði um 3,6 milljörðum króna lakari en ella. Vegna þessara aðgerða var ljóst þegar í september, að ríkissjóður myndi verða í halla á árinu 1978, en ríkisstjórnin lýsti því um leið yfir, að stefnt yrði að því að jafna þau met á árinu 1979, svo að jöfnuður yrði í fjármálum ríkissjóðs á fyrstu 16 mánuðum stjórnartímabilsins. Enn lakari útkoma á árinu 1978 en búizt var við á haustmánuðum eykur nokkuð erfiðleikana á því að jafna ríkisfjármálin á þessu 16 mánaða tímabili, en gerir um leið brýnna, að svo verði gert. Orsaka þess, að útkoman 1978 varð verri en áætlað var á síðustu mánuðum ársins, er helzt að leita í hærri vaxtagreiðslum og útflutningsbótum og hærri skuldum ýmissa viðskiptaaðila ríkissjóðs en áætlað hafði verið. Þess má geta, að viðbótarheimildin til spariskírteinaútgáfu var ekki nýtt á árinu og einungis selt það, sem kveðið var á um í fjárlögum, eða 3,1 milljarður. Ekki kom heldur til þess, að heimildirnar til lækkunar ríkisútgjalda yrðu nýttar nema að takmörkuðu leyti.

Greiðsluflæði ríkissjóðs er jafnan nokkuð árstíðabundið. Tekjur hafa tíðast fallið mun þyngra á seinni hluta ársins en hinn fyrri, en gjöld hafa dreifst jafnar. Fram eftir hverju ári hefur því ríkissjóður verið í halla, sem fjármagnaður hefur verið af Seðla-

bankanum. Greiðsluhreyfingarnar eru raunar með þeim hætti, að á ári, þar sem um sléttan greiðslujöfnuð væri að ræða, yrði ríkissjóður í skuld við Seðlabankann fyrstu 9—10 mánuðina. Óhjákvæmilega hefur þessi árstíðabundni halli ríkissjóðs og fjármögnun hans af Seðlabankanum þensluáhrif á hagkerfið og um leið slævandi áhrif á aðrar aðgerðir, sem miða að hjöðnun verðbólgu og jöfnuði í viðskiptum við útlönd. Sem dæmi má nefna, að um miðbik hvers undanfarinna ára hefur yfirdráttarskuldin á reikningi ríkissjóðs í Seðlabankanum numið um og yfir 5% af ríkisútgjöldum viðkomandi árs, og á árinu 1978 nam skuldin á viðskiptareikningi ríkissjóðs að viðbættum útgefnum ríkisvixlum að meðaltali um 5,6 milljörðum króna í lok hvers mánaðar. Hæst varð hún 10,2 milljarðar í lok júlí.

Ekki er aðeins um nokkuð reglulegar hreyfingar innan hvers árs að ræða, heldur einnig innan hvers mánaðar. Þannig eykst skuld ríkissjóðs mjög hratt fram eftir hverjum mánuði og minnkar síðan síðustu dagana, einkum eftir að söluskatturinn fellur í gjald-daga. Síðustu árin hefur það oftast verið svo, að lægsta skuld innan hvers mánaðar hefur verið á síðasta degi hans. Sem dæmi um þá stærðargráðu, sem hér er um að ræða, má benda á, að dagleg skuld á viðskiptareikningi ríkissjóðs í Seðlabankanum var að meðaltali um 9,5 milljarðar á árinu 1978 og síðustu þrjú árin hefur meðaldagsskuld hvers árs verið nálægt 70% hærri en meðalskuld í lok hvers mánaðar. Hæsta meðaldagsskuld í mánuði 1978 var í júlí, hátt í 14 milljarðar króna. Hér er í hverju tilviki átt við skuld, sem safnast hefur á árinu, þ. e. umfram skuldir frá fyrri árum.



Af því, sem að framan hefur verið sagt, má einkum draga eftirfarandi ályktanir: Í fyrsta lagi gefa hreyfingar milli mánaðamóta engan veginn fullnægjandi mynd af greiðsluflæði ríkissjóðs innan hvers árs og hreyfingar milli áramóta segja næsta lítið um, hvort ríkisfjármálin hafa verið þensluvaldur eður ei. Sléttar og felldar niðurstöðutölur ákveðins árs kunna að leyndu sterkum þensluáhrifum innan þess sama árs. Því verður í öðru lagi að fylgjast með gangi ríkisfjármálanna af aukinni nákvæmni milli þessara ákveðnu og hefðbundnu tímamunkta, sem í sjálfum sér eru ekki marktækari en aðrir. Í þriðja lagi er mikilvægt, að þessi þróun verði skoðuð í tengslum við aðra þætti efnahagslífsins, einkum peningamálin, en áhrif greiðsluhallans á þau verða rakín nánar í kaflanum um peningamál, sem fer hér á eftir. Árstíðabundinn halli, sem fjármagnaður er af Seðlabankanum, er peningalegur þensluvaldur út af fyrir sig, ekki sízt ef hann magnar aðra þætti eða fylgist að við önnur þensluöfl. Hann hlýtur því að ýta undir verðbólgu og hafa óhagstæð áhrif á viðskiptajöfnuðinn við út-



Samningur Seðlabankans og fjármálaráðuneytisins

lönd. Af þessum ástæðum kunna fjárlög, sem afgreidd eru með umtalsverðum afgangi í því skyni að draga úr innlendri þenslu, jafnvel að verða þensluvaldandi og vinna gegn markmiðum stjórnvalda í baráttunni við verðbólgu og viðskiptahalla. Línuritíð á fyrri síðu sýnir greiðsluafkomu hvers þriggja síðustu ára, meðalskuld á viðskiptareikningi í lok hvers mánaðar viðkomandi árs og meðalskuld hvers árs. Línuritíð hér á síðunni sýnir greiðsluhreyfingar ríkissjóðs frá ársbyrjun til loka hvers mánaðar 1978 og meðalskuld á viðskiptareikningi í hverjum mánuði.

Sem fyrr segir hefur Seðlabankinn að mestu fjármagnað árstíðabundna fjárþörf ríkissjóðs. Á hverju ári frá 1972 hafa þó verið gefnir út ríkisvixlar, sem seldir hafa verið innlánsstofnunum í því skyni að dreifa fjármögnunarbyrðinni nokkuð og draga um leið úr þensluáhrifum. Á árinu 1978 nam ríkisvixlaútgáfan 1 milljarði króna eða rúmum tíunda hluta af daglegri meðalfjárþörf. Ríkisvixlarnir eru jafnan greiddir upp fyrir lok hvers árs. Allra síðustu árin hefur árstíðasveiflan í fjármálum ríkissjóðs haft tilhneigingu til að aukast fremur en hitt. Vegna hættunnar, sem af henni stafar, er nauðsynlegt, að hafnar verði markvissar aðgerðir í þá átt að samræma betur gjalda- og tekjustreymi ríkissjóðs, bæði innan hvers mánaðar og innan hvers árs. Hér er um nauðsynlegan þátt í baráttunni við verðbólgu að ræða. Við rekstur ríkissjóðs frá degi til dags og mánuði til mánaðar verður að taka fullt tillit til þjóðhagslegra markmiða, því að áhrif ríkisfjármálanna verða ekki einvörðungu dæmd af greiðsluhreyfingum milli áramóta.

Þar eð árstíðasveiflunni verður ekki breytt í einu vefangi, gæti reynt nauðsynlegt að leita um tíma á önnur mið en hingað til um fjármögnun hins árstíðabundna halla, t. d. til einkaaðila, ella verður fjármögnun Seðlabankans stöðugur þensluvaldur.

Að síðustu má geta þess, að vaxandi árstíðabundnum halla fylgja auknar vaxtagreiðslur, því að eðlilega verður ríkissjóður að greiða fyrir afnot af skammtímafjármagni. Enda þótt vaxtakjörin á yfirdrætti ríkissjóðs í Seðlabankanum séu hagstæðari en almennt gerist, nam vaxtakostnaðurinn hans vegna 1978 tæpum 1,8 milljörðum króna eða 1,1% af útgjöldum ársins.

Á árinu 1978 gerðu Seðlabankinn og fjármálaráðuneytið fyrir hönd ríkissjóðs með sér samkomulag um lánafyrirgreiðslu og vaxtakjör. Það fól í sér, að þessir aðilar koma sér saman um greiðsluáætlun fyrir ríkissjóð í upphafi hvers fjárlagaárs, og reiknast ákveðnir vextir af fyrirgreiðslu innan ramma áætlunarinnar og síðan hærri vextir á það, sem kann að vera framyfir umsamda fyrirgreiðslu. Samningurinn var gerður með hliðsjón af því, hversu umfangsmikil árstíðabundin viðskipti þessara aðila

Lánsfjármagnaðar ríkisframkvæmdir 1978 í m.kr.

	Lánsfjár- áætlun Reynd Hækkun		
1 Ráðstöfun alls	10.452	13.438	2.986
11 A-hluti	3.678	4.351	673
111 Vegagerð	2.200	2.200	—
112 Landshafnir	145	145	—
113 Grundartangahöfn	188	263	75
114 Flugöryggistæki	80	—	—80
115 Laxastigi í Laxá	40	40	—
116 Þjóðarbókhlaða	205	—	—205
117 Járblendifélag, hlutafjárframlag	820	1.703	883
12 B-hluti	6.774	9.087	2.313
121 Rarik — almennar framkvæmdir	1.849	2.161	312
122 Sveitarafvæðing	200	200	—
123 Byggðalínur	2.714	3.398	684
124 Orkusj. vegna styrkingar dreifikerfa í sveitum	—	77	77
125 Póstur og sími	370	558	188
1251 Vegna jarðstöðvar o.fl.	370	178	—192
1252 Vörukaupalán	—	380	380
126 Kröfluvirkjun	1.579	2.083	504
1261 Stöðvarhús og vélar	1.301	1.064	—237
1262 Borholur og aðveitukerfi	278	1.019	741
127 Endurlán vegna Grundartangahafnar	62	—	—62
128 Bessastaðarárvirkjun	—	110	110
129 Lánasjóður íslenskra námsmanna	—	500	500
2 Fjármögnun alls	10.452	13.438	2.986
21 Innlend lán	5.586	6.446	860
211 Spariskirteini	3.100	3.100	—
212 Innheimt af endurlánuðu spariskirteinafé	2.316	2.746	430
213 Önnur innlend lán	170	600	430
22 Erlend lán	4.866	6.252	1.386
23 Bráðabirgðalán	—	740	740

voru orðin, og miðast hann við meðaltöl innan hvers mánaðar, en ekki við skuldastöðu eða yfirdrátt á völdum tímapunktum innan ársins. Enda þótt framkvæmd samkomulagsins á árinu 1978 hafi að nokkru borið þess merki, að í fyrsta skipti var um svo formlegt samkomulag um fyrirgreiðslu Seðlabankans að ræða, verður tvímælalaust að telja, að hér hafi verið stigið mikilvægt skref framávið í samskiptum bankans og ríkissjóðs.

Takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir um afkomu B-hluta-aðila, en reikningar Seðlabankans sýna, að kröfur hans á þá hækkuðu um 1,5 milljarða króna nettó á árinu, en höfðu lækkað um svipaða fjárhæð árið 1977. Í árslok 1978 námu heildarskuldir ríkissjóðs, A- og B-hluta, við Seðlabankann tæpum 28 milljörðum

B-hluti

**Lánsfjármögnun
ríkisframkvæmda**

króna og höfðu hækkað um 13 milljarða frá árslokum 1977. Þar af voru 8 milljarðar uppfærsla gengisbundinna skulda.

Lánsfjármögnuðum ríkisframkvæmdum var markaður rammi í lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar fyrir árið. Taflan, sem birt er hér að framan, sýnir upphaflega áætlun og bráðabirgðauppgjör ársins. Veigamiklar breytingar hafa orðið frá áætluninni eins og taflan ber með sér. Hækkanirnar hafa flestar orðið í framhaldi af samþykktum ríkisstjórnarinnar og/eða Alþingis þar um, svo sem vegna raforkuframkvæmda og lagningar byggðalína. Hlutfjárframlagið til Járblendifélagsins varð hærra en áætlun sagði til um, einkum vegna greiðslna, sem flutzt höfðu frá árinu 1977 og komu því til útborgunar 1978, svo og vegna vanáætlunar í lánsfjáráætlun.

PENINGAMÁL

Við upphaf ársins 1978 mátti gera ráð fyrir, að stefnan í peningamálum myndi veita þensluöflum verulegt aðhald og stuðla að ráðdeild og sparnaði. Að árinu liðnu sýnir hin mikla aukning sparifjár á uppsagnarreikningum, að nokkuð hefur áunnizt, en árangurinn á öðrum sviðum var hvergi nærri því, sem að var stefnt.

Stefnan í upphafi árs

Stefnan, sem tekin var við upphaf ársins, varðaði vexti, endurkaupahlutföll og útlán bankakerfisins. Ákveðin verðtenging bankavaxta leiddi til 3% hækkunar þeirra í febrúar. Dregið var úr hinu sjálfvirka peningaframboði með lækkun endurkaupahlutfalla um 2 prósentustig í ársbyrjun, þó þannig, að heildarlán bankakerfisins út á afurðir voru almennt ekki skert. Í fjárlögum og lánsfjáráætlun var við það miðað, að ríkissjóður legði drjúgan skerf til aðhalds í peningamálum með stórbættri stöðu gagnvart Seðlabankanum. Loks var að því stefnt, að aukning almennra útlána innlánsstofnana yrði hlutfallslega heldur minni en almenns verðlags. Síðar í þessum kafla verður vikið að vöxtum og öðrum stjórnþækjum, sem voru ofarlega á baugi á árinu, m. a. í sambandi við myndun nýrrar ríkisstjórnar. Fyrst skal gerð grein fyrir þróun einstakra þátta peningamálanna á árinu, en hún sýnir ljóslega, að verulega hefur skort á, að nægilega öflug stjórnþæki séu tiltæk eða þeim beitt á nógu markvissan hátt gegn óvæntum truflunum.

Peningaframboð

Framboð peninga var afarmikið á árinu 1978, og skýrist það einkum af óvenjumiklum gjaldeyristækjum, greiðsluhalla ríkissjóðs og endurkeyptum afurðalánunum. Í heild nam útstreymi úr Seðlabankanum vegna þessara þátta 32,4 milljörðum kr. samanborið við 16,4 milljarða kr. árið 1977. Á móti vegur, að innstæðuaukning sjóða í opinberri vörzlu nam 10,1 milljarði kr., en árið áður jukust innstæður þeirra um 2 milljarða kr. Einn mælikvarði á heildarframboð peninga er aukning grunnfjár, en það er samtala seðla og myntar í umferð og innstæðna lánastofnana í Seðlabank-

anum. Aukning þess nam 50,5% yfir árið, sem er svipað hlutfall og árið 1977. Á heildina litið verður að telja, að þetta mikla peningaframboð, sem hér um ræðir, hafi stuðlað að aukinni eftirspurn eftir vörum og þjónustu og örvað verðbólguna.

Úr reikningum Seðlabankans

Í milljörðum króna	Greiðsluhreyfingar					
	Staða		1. árs- 2. árs- 3. árs-			
	31/12	1977	1978	þriðj. 1978	þriðj. 1978	þriðj. 1978
1 Gjaldeyrisstaða	17,0	5,4	14,2	2,7	-14,6	26,1
2 Innlendir liðir, nettó ¹⁾	44,7	8,6	6,4	-0,3	16,5	-9,8
21 Kröfur á ríkissjóð, nettó	27,9	0,5	5,0	4,8	1,8	-1,6
211 A-hluti	26,1	2,2	4,0	7,7	-1,1	-2,6
212 B-hluti	1,8	-1,7	1,0	-2,9	2,9	1,0
22 Kröfur á fjárfestingarl.sj.	2,0	-0,4	-0,4	0,1	-0,4	-0,1
23 Kröfur á innlánsstofnanir	45,0	11,1	12,4	0,4	13,7	-1,7
231 Endurkaup	39,7	10,5	13,2	1,1	4,5	7,6
232 Aðrar kröfur	5,3	0,6	-0,8	-0,7	9,2	-9,3
24 Kröfur á aðra aðila	0,1	—	—	—	0,1	-0,1
25 Sj. í opinb. vörzlu (—) ²⁾	-19,6	-2,0	-10,1	-4,8	2,4	-7,7
26 Annað, nettó	-10,7	-0,6	-0,5	-0,8	-1,1	1,4
3 Grunnfé	61,7	14,0	20,6	2,4	1,9	16,3
31 Innstæður innlánsstofnana	46,5	10,3	17,3	0,7	2,1	14,5
32 Seðlar og mynt í umferð	12,2	3,1	3,5	0,1	0,7	2,7
33 Innst. fjárfestingarl.sj.	3,0	0,6	-0,2	1,6	-0,9	-0,9
<i>Bókhaldsbreytingar v/gengis</i>						
Gjaldeyrisstaða	0,7	-1,4	0,1	-0,4	-1,1	
Kröfur á A-hluta ríkissjóðs	1,4	7,4	2,6	0,8	4,0	
Kröfur á B-hluta ríkissjóðs	0,1	0,5	0,2	—	0,3	
Kröfur á innlánsstofnanir	—	0,3	0,1	—	0,2	
Sjóðir í opinberri vörzlu	-0,6	-2,4	-0,7	-0,2	-1,5	
Annað, nettó	-1,6	-4,3	-2,3	-0,2	-1,8	
Innstæður innlánsstofnana	—	0,1	—	—	0,1	
<i>Hreyfingar í % á ári³⁾</i>						
Grunnfé (lína 3)	51,7	50,5	22,2	19,1	134,9	
Grunnfé án fjárf.l.sj. (lína 3—lína 33)	55,0	55,3	23,1	35,3	124,7	
Endurkaup (lína 231)	65,5	50,0	3,7	120,1	47,0	
Seðlar og mynt (lína 32)	56,5	40,0	29,5	24,5	68,6	

1) Endurlánuð löng erlend lán eru ekki talin með. 2) Innstæða og innstæðuaukning eru merktar með mínusmerki. 3) Ársigildi hreyfinga á hverjum ársþriðjungi eru reiknuð af árstíðaleiðréttum tölum.

Gjaldeyrisviðskipti

Gjaldeyriskaup bankanna umfram sölu námu 14,5 milljörðum kr. á árinu 1978. Þessi hagstæða þróun stafaði af miklum útflutningstekjum, en talsverð lækkun útflutningsvörubirgða átti sér stað. Þrátt fyrir hagstætt verð veigamikilla útflutningsvara söfnuðust aðeins 1,2 milljarðar kr. í Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og má ljóst vera, að svo lítið mótvægi dugar skammt til að jafna þær öldur, sem gjaldeyriskjurnar hefja. Í árslok nam gjaldeyrisstæða bankanna nettó 20,3 milljörðum kr. eða sem svarar 8,4% af innflutningi ársins. Hefur hún ekki verið jafnhagstæð síðan árið 1973, en árin 1962—1966 var samsvarandi hlutfall yfir 20%.

Ríkisfjármál



Sem kunnugt er myndaðist mikill greiðsluhalli í ríkisbúskapnum árin 1974 og 1975, þegar stórfelld rýrnun viðskiptakjara og vaxandi verðbólga ógnuðu atvinnuástandi hér á landi. Hallanum var mætt með sérstökum jöfnunarlánum Seðlabankans hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, sem einmitt hafa þann tilgang að milda utanáðkomandi efnahagsáföll. Atvinnuleysi varð forðað, en greiðsluhallinn átti sinn þátt í því að viðhalda verðbólgu, ekki sízt þar sem hann bættist við halla frá góðærinu 1973. Því var mikilvægt að breyta um stefnu strax og færi gafst. Í fjárlögum og lánsfjáráætlun næstu þriggja ára kemur fram, að sú var einnig ætlunin, því að öll árin var ráðgerð veruleg skuldalækkun við Seðlabankann. Í stað þess hafa skuldirnar hins vegar stöðugt aukizt, mest árið 1978. Áformuð skuldalækkun ríkisins nam þannig 1,4 milljörðum kr. árið 1976, 2,2 árið 1977 og 3,2 árið 1978. Skuldaaukningin nam hins vegar 1,7, 0,5 og 5,0 milljörðum kr. í sömu röð talið, þegar frá er talin gengisuppfærsla lána. Þessi áframhaldandi halli ríkisfjármálanna er áhyggjuefni, einkum þegar hann á sér stað samtímis vaxandi peningamyndun vegna gjaldeyriskaupa og endurkaupa. Alvarlegast er þó, ef árangri á sviði ríkisfjármála er treyst um of við áætlanagerð og önnur vopn því ekki brýnd sem skyldi.

Eins og fram kemur í kaflanum um ríkisfjármál var snemma á árinu 1978 gerð áætlun um greiðsluafkomu ríkissjóðs mánuð fyrir mánuð. Í samningi milli fjármálaráðuneytisins og Seðlabankans kom fram sú stefna, að ef greiðslustaðan yrði lakari en áætlunin sýndi, yrði gerð stefnuleiðrétting með fjármálalegum aðgerðum eða lánsfjár aflað innanlands með öðrum hætti en á yfirdráttarreikningi í Seðlabanka. Ekki tókst að fylgja þessum áformum eftir á árinu, en ætla má, að slíkt viðvörunarkerfi reynist gagnlegt í þeirri viðleitni að færa ríkisfjármálin í eðlilegan farveg á ný.

Endurkaup Seðlabankans

Í milljörðum króna	Hreyfingar						
	Staða				1. árs-	2. árs-	3. árs-
	31/12	1977	1978	þriðj.	þriðj.	þriðj.	
Endurkaup, alls	39,7	10,5	13,2	1,1	4,5	7,6	
Landbúnaður	16,0	3,9	6,1	-2,7	0,5	8,3	
Sjávarútvegur	18,4	6,4	4,6	3,2	3,4	-2,0	
Iðnaður	4,1	0,7	1,5	0,6	0,7	0,2	
Önnur	1,3	-0,5	1,0	—	-0,1	1,1	

Útlánahámark

Snemma á árinu 1978 samdi Seðlabankinn við fulltrúa viðskiptabanka og sparisjóða um stefnuna í útlánamálum. Í samræmi við lánsfjáráætlun var ákveðið að stefna að því, að útlán að frádregnum lánnum, endurseldum Seðlabanka, skyldu ekki aukast meira en um 29% á árinu. Gerð var áætlun til fjögurra mánaða í senn með hliðsjón af reglubundinni árstíðasveiflu og útlánaaukningunni skipt á banka í hlutfalli við innlán þeirra og lausafjárstöðu. Á fyrstu átta mánuðum ársins jukust útlán án endurseldra lána um 36%, og var þá þegar ljóst, að yfir árið yrði aukningin meiri en að hafði verið stefnt, enda voru forsendur lánsfjáráætlunar orðnar óraunhæfar. Ársþækkun framfærsluvísitölu frá ágúst 1977 nam t. d. 52%, og byggingarvísitala hækkaði enn meir á sama tímabili. Þrátt fyrir verulega aukna rekstrarfjárbörf atvinnuvega í kjölfar slíkra kostnaðarhækkana var í september ákveðið að stefna að nokkurri lækkun útlána á síðasta þriðjungi ársins. Ársþækkun almennra útlána, sem í ágústlok nam 45,2%, þokaðist jafnt og þétt niður á síðustu mánuðunum og var í desem-



Sjóðir í opinberri vörzlu

Í milljörðum króna	Hreyfingar						
	Staða				1. árs-	2. árs-	3. árs-
	31/12	1977	1978	þriðj.	þriðj.	þriðj.	
Innstæður í Seðlabanka	19,6	2,6	12,5	5,5	-2,2	9,2	
Verðjöfnunarsjóður fiskiðn. (þar af gengisuppfærsla)	7,6	1,5	3,6	1,3	0,5	1,8	
Aflatryggingarsjóður	2,4	0,7	1,3	0,3	0,4	0,6	
Gengismunarsjóður	5,8	—	5,6	2,2	-1,0	4,4	
Orlofsfé	2,8	0,3	1,3	1,7	-2,5	2,1	
Tryggingarsjóður fiskiskipa	1,0	0,3	0,7	—	0,4	0,3	
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	—	-0,2	—	—	—	—	

**Þróun innan
ársins**

**Janúar—
apríl**

Mái—ágúst

**September—
desember**


ber komin í 35,1%, sem er 6% ofan við upphaflegt mark, en nokkuð neðan við almennar verðhækkanir.

Þegar litið er á framvindu peningamálanna innan ársins, sést, að hún hefur verið afar rysjótt, enda næm fyrir truflunum eins og stjórn málaóvissu, gengisbreytingum og útflutningsbanni. Á fyrsta þriðjungi ársins jukust skuldir ríkissjóðs við Seðlabankann um 4,8 milljarða kr., en svipuð fjárhæð safnaðist inn í gengismunarsjóð og aðra sjóði í opinberri vörzlu. Endurkaup jukust tiltölulega hægt á þessum mánuðum, bæði vegna lækkaðra endurkaupahlutfalla og mikils útflutnings, en birgðir í ársbyrjun höfðu verið óvenjumiklar. Gjaldeyrisviðskipti leiddu til nokkurrar peningamyndunar, því að þrátt fyrir verulega gjaldeyris sölu bankanna í spákaupmennskuástandinu, sem myndaðist fyrir gengisbreytinguna í febrúar, batnaði gjaldeyrisstaða um 3,1 milljarða kr. Almenn útlán innlánsstofnana jukust mjög ört í ársbyrjun, og í apríllok var lausafjárstaða þeirra gagnvart Seðlabankanum orðin neikvæð, en hún hafði verið jákvæð um 3,5 milljarða kr. í ársbyrjun. Peningaústreymi vegna þessara þátta hefur vafalaust ýtt undir vörueftirspurn á fyrstu vikum ársins, en það fé, sem ekki varð spákaupmennsku að bráð, streymdi í verulegum mæli inn á þá sparifjárreikninga, sem bezta ávöxtun gefa. Aukning sparifjár á uppsagnarreikningum í janúar—apríl svaraði þannig til 83% aukningar á ári.

Þrátt fyrir verulega útlánaaukningu innlánsstofnana dró mjög úr innlánaaukningunni á öðrum þriðjungi ársins, enda gerðist þá samtímis, að gjaldeyristekjur drógust saman, m. a. vegna útflutningsbanns, og verðtenging vaxta rofnaði, auk þess sem almenn eftirspurn eftir vörum og þjónustu jókst á ný vegna yfirvofandi gengisfellingar í annað sinn á árinu. Þessar breytingar leiddu af sér geysilega rýrnun lausafjárstöðu innlánsstofnana, og var hún í ágústlok orðin neikvæð um 5,7 milljarða kr., þegar á heildina er litið, en um 11,1 milljarð kr. gagnvart Seðlabanka. Á þessum árstíma, eins og oft áður, byggðist peningaframboð að talsverðu leyti á yfirdráttarlánum innlánsstofnana hjá Seðlabankanum, sem bera refsivexti, 1% af hæstu skuld á hverju 10 daga tímabili. Að byggja útlánaaukningu á slíkum grunni er innlánsstofnunum augljóslega afar óhagstætt, þegar umframeftirspurn ríkir og lítil von er til eðlilegrar innlánamyndunar.

Mikil umskipti urðu, eftir að stjórnarmyndunarviðræðum lauk með efnahagsaðgerðum í byrjun september. Af tölulegum vísendingum var mest áberandi sú stökkbreyting, sem varð í gjaldeyristekjum, en gjaldeyrisstaða bankanna batnaði um 24,2 milljarða kr. síðustu fjóra mánuði ársins. Þá jukust endurkaup vegna landbúnaðar mjög mikið, en óvenjuleg framleiðsluaukning og

Innlán



birgðasöfnun átti sér stað í þeirri grein. Efnahagsaðgerðirnar höfðu m. a. í för með sér aukningu ríkisútgjalda, og varð verulegur greiðsluhalli á ríkissjóði í desembermánuði. Tókst því ekki að draga inn það lausafé, sem út hafði farið vegna árstíðabundins halla á fyrri hluta ársins. Fljótt á litið virðist þróunin síðustu mánuðina hafa verið innlánsstofnunum afar hagstæð, þar eð mjög dró úr gjaldeyriseyðslu og peningaframboð leiddi til mikillar innlánaaukningar og lækkunar almennra útlána, sem í heild skiluðu stökkbata í lausafjárstöðu. Þegar nánar er að gáð, kemur í ljós, að innlánaaukningin varð mest á óbundnum reikningum, ólíkt því, sem gerðist á fyrri hluta ársins, en reynslan sýnir, að slík aukning getur verið bankakerfinu skammæ í verðbólguástandi. Vaxandi verðbólguótti eða aðrar truflanir geta vakið eftirspurnarþenslu á ný á kostnað innlána, gjaldeyrisstöðu og lausafjárstöðu bankanna. Í þessu sambandi skipta ávöxtunarkjör innlána meginmáli. Skal nú vikið að þróun innlána og peningamagns að undanförmu með hliðsjón af vaxtabreytingum.

Þegar miðað er við ársmeðaltöl, sést, að heildarinnlán hafa aukizt á árinu 1978 um 41,6%, veltiinnlán um 32,1% og spariinnlán um 46,1%. Almenn spariinnlán, sem taka má út án fyrirvara, jukust um 40,3%, en innstæður á reikningum með uppsagnarfresti um 56,0%. Til samanburðar má nefna, að verðvísitölur þjóðarframleiðslu og þjóðarútgjalda hækkuðu um 44–45%. Sem hlutfall af þjóðarútgjöldum lækkuðu heildarinnlán úr 21,7% árið 1977 í 21,3% árið 1978, almenn spariinnlán úr 10,6% í 9,9%, en spariinnlán á uppsagnarreikningum hækkuðu úr 5,8% í 6,4% og náðu þá svipuðu hlutfalli og þau voru í fyrir 4–5 árum.

Á undanförmum árum hefur peningalegur sparnaður farið þverrandi að tiltölu við þjóðhagstölur og sýna ofangreindar tölur, að ekki hefur tekizt að stöðva þá þróun. Með stofnun vaxtaaukareikninga og verðtengingu vaxta á árunum 1976 og 1977 var að því stefnt að bæta ávöxtun sparifjár og sýna tölur, að sú viðleitni hefur borið umtalsverðan árangur, því að þróun sparifjár hefur verið mun hagstæðari síðustu þrjú ár en árin þar á undan, þótt enn nægi hún ekki til að koma í veg fyrir rýrnun sparifjár í hlutfalli við þjóðhagstölur, hvað þá auka það að nýju. Þróun innlána á reikningum, sem bezta ávöxtun gefa, sýnir, svo að ekki verður um villzt, að vextirnir hafa verulega þýðingu og unnt er að draga úr eyðslu og efla sparnað með því að tryggja sparifjáreigendum, að spariféð brenni ekki á báli verðbólgunnar.


Vegna þverrandi sparnaðar hefur lánastarfsemi byggzt í æ ríkari mæli á erlendu fjármagni. Peningamagn í viðum skilningi, þ. e. samtala seðla, myntar og innlána, er mælikvarði á ráðstöfunarfé bankakerfisins. Línuritíð hér á blaðröndinni sýnir, að það hefur

dregizt saman að tiltölu við þjóðarútgjöld úr 38,7% árið 1969 í 22,7% árið 1978. Á sama tíma hafa erlend lán bankakerfisins til lengri tíma en árs aukizt úr 1,4% í 5,1% af þjóðarútgjöldum.

Úr reikningum innlánsstofnana

Greiðsluhreyfingar

Staða	Greiðsluhreyfingar					
	31/12 1978	1977	1978	1. árs- þriðj.	2. árs- þriðj.	3. árs- þriðj.
<i>Í milljörðum króna</i>						
1 Lausafjárstaða	12,9	3,1	6,6	-2,2	-9,0	17,8
11 Gagnvart Seðlabanka	9,6	2,6	6,1	-3,5	-10,0	19,6
12 Gagnvart útlöndum	3,3	0,5	0,5	0,3	1,8	-1,6
13 Ríkisvixlar	—	—	—	1,0	-0,8	-0,2
2 Bundnar innstæður	32,9	6,6	10,4	4,1	2,6	3,7
3 Aðrar innstæður í Seðlab.	0,9	—	0,8	0,1	0,3	0,4
4 Útlán ¹⁾	141,1	30,1	40,3	13,3	17,7	9,3
41 Útlánaþak viðskiptab.	—	9,0	17,6	6,3	7,6	3,7
42 Útlán viðsk.b. umfram þak	—	6,7	3,7	4,3	3,6	-4,2
43 Önnur útlán ²⁾	—	14,4	19,0	2,7	6,5	9,8
5 Eignir = skuldir	187,8	39,8	58,1	15,3	11,6	31,2
6 Heildarinnlán	147,8	29,8	48,6	11,9	4,3	32,4
61 Veltiinnlán	31,0	6,7	9,1	3,8	-0,7	6,0
62 Almenn spariinnlán	68,6	13,7	20,9	4,5	2,1	14,3
63 Spariinnl. á uppsagnarr.	48,2	9,4	18,6	3,6	2,9	12,1
7 Endurk. og verðbréf Seðlab.	41,9	10,0	12,4	0,4	4,6	7,4
8 Eigið fé og annað, nettó	-1,9	—	-2,9	3,0	2,7	-8,6



Áætlaðar bókhaldsbreytingar v/gengis

Lausafjárstaða gagnvart útlöndum	—	1,0	0,2	—	0,8
Aðrar innstæður í Seðlabanka	—	0,1	—	—	0,1
Innlán á gjalddeyrreikningum	—	0,2	—	0,1	0,1
Verðbréfa kaup Seðlabanka	—	0,3	0,1	—	0,2
Eigið fé og annað, nettó	—	0,6	0,1	-0,1	0,6

Hreyfingar í % á ári³⁾

Útlán (lína 4)	42,5	39,9	35,8	57,9	27,8
Útlánaþak (lína 4) ¹⁾	20,0	29,0	29,0	29,0	29,0
Þaklán (línur 41 og 42)	34,9	35,1	46,8	44,8	20,7
Heildarinnlán (lína 6)	42,9	49,0	42,4	35,8	71,2
Veltiinnlán (lína 61)	44,2	41,7	18,6	5,1	128,0
Almenn spariinnlán (lína 62)	40,1	43,7	34,3	35,7	55,4
Spariinnlán á uppsagnarreikn. (l. 63)	46,8	62,8	83,3	58,8	59,1

¹⁾ Endurlánað erlent lánsfé er ekki talið með. ²⁾ Endurseld afurða- og framleiðslulán, lán sparisjóða, innlánsdeilda kaupfélaga og Póstgíróstofu. ³⁾ Ársígildi hreyfinga á hverjum ársþriðjungi er reiknað af árstíðaleiðréttum tölum.


**Vaxtabreyting
21. febrúar 1978**

Verðtenging vaxta, sem tekin var upp 1. ágúst 1977, fólst í skiptingu vaxta í grunnvexti og verðbótaþátt. Verðbótaþátturinn var í fyrstu ákveðinn 8%, en skyldi endurskoðaður á þriggja mánaða fresti og hækka um nálægt 60% af því, sem verðbólgan kynni að vera umfram 26% á ári. Í nóvember 1977 var verðbótaþátturinn hækkaður í 11% í samræmi við þessa reglu, og 21. febrúar 1978 hækkaði hann í 14%. Urðu þá heildarvextir á almennum sparifjárreikningum 19% og af vaxtaaukainnlánum 32%. Forvextir af víxlum urðu 23½% og heildarvextir vaxtaaukaútlána 33%. Í samræmi við þá stefnu að minnka misræmi í vaxtakerfinu og jafna lánskjör atvinnuvega var einnig ákveðið að fella niður sérstök vaxtakjör, er gilt höfðu um svokölluð útgerðarlán.

Í maí var ákveðið að breyta ekki vöxtum þrátt fyrir áframhaldandi aukningu á hraða verðbólgunnar. Forsenda þeirrar ákvörðunar var sú, að búizt var við því, að verðbólguvaldan, sem hófst upp úr miðju ári 1977, hefði náð hámarki og allar horfur á, að verðlagshækkarnir yrðu mun hægari á seinni hluta ársins 1978 en verið höfðu um nokkurt skeið.

Samkvæmt framangreindri verðtengingu vaxta hefði átt að endurskoða verðbótaþátt á ný í ágústmánuði. Þá var ljóst orðið, að vonir manna um hægari verðbreytingar höfðu ekki rætt og að verðbólguþróunin hélt áfram með fullum þunga. Á þessum tíma ríkti mikil óvissa um allar ákvarðanir í efnahagsmálum, enda stóðu enn yfir stjórnarmyndunarviðræður, og var þess vegna ákveðið að bíða með frekari vaxtabreytingar um sinn. Hinsvegar var ráðizt í ítarlega könnun á vaxtakerfinu í heild, og snemma í nóvember lagði Seðlabankinn fram skýrslu til nýmyndaðrar ríkisstjórnar um stefnuna í peningamálum, þar sem gerð var grein fyrir tillögum í þessu efni ásamt öðrum þáttum peningamálastefnunnar.

Tillögur um aðgerðir á sviði peningamála beinast að þeim tvíþætta vanda, sem fylgt hefur verðbólgunni á þessum áratug. Sparnaður hefur farið halloka fyrir eyðslunni, og framboð peninga er oft á tíðum meira en atvinnulífið beinlínis þarf. Afleiðingarnar lýsa sér í lánsfjárskort og vaxandi gjaldeyrisskuldum, auk þess sem verðbólgan nærast á þessum aðstæðum. Ekki einu sinni í góðæri myndast teljandi varasjóðir til mögru áranna. Seðlabankinn hefur lagt áherzlu á, að stefna beri að betra jafnvægi á peningamarkaðnum með vaxtastefnu, sem tryggi jákvæða ávöxtun sparifjár. Ennfremur, að komið verði í veg fyrir ótímabæra peningamyndun með því að takmarka útstreymi fjár úr Seðlabankanum. Eftir því sem ofangreindar afleiðingar koma skýrar fram, hefur skapast almennari skilningur á þörfinni fyrir



Úr reikningum bankakerfisins

Í milljörðum króna	Greiddsluhreyfingar					
	Staða		1. árs- 2. árs- 3. árs-			
	31/12		þriðj.	þriðj.	þriðj.	
	1978	1977	1978	1978	1978	
1 Gjaldeyrisstaða	20,3	6,0	14,5	3,1	-12,8	24,2
2 Innlendir liðir, nettó	142,7	27,6	37,4	10,6	16,9	9,9
21 Lán Seðlabanka	30,0	0,1	4,6	4,8	1,6	-1,8
22 Lán innlánsstofnana	141,1	30,1	40,3	14,3	16,9	9,1
23 Sj. í opinb. vörzlu (—) ¹⁾	-19,6	-2,6	-10,1	-4,8	2,4	-7,7
24 Annað, nettó	-8,8	—	2,6	-3,7	-4,0	10,3
3 Peningam. og sparifé (M3)	163,0	33,6	51,9	13,7	4,1	34,1
31 Sparifé á uppsagnarreikn.	48,2	9,5	18,6	3,6	2,9	12,1
32 Peningamagn og almennt sparifé (M2)	114,8	24,1	33,3	10,1	1,2	22,0
321 Almennit sparifé	68,6	13,7	20,9	4,5	2,1	14,3
322 Peningamagn (M1)	46,2	10,4	12,4	5,6	-0,9	7,7
	<i>Bókhaldsbreytingar v/gengis</i>					
Gjaldeyrisstaða	0,5	-0,4	0,3	-0,4	-0,3	
Lán Seðlabanka	1,5	8,0	2,9	0,8	4,3	
Sjóðir í opinberri vörzlu	-0,6	-2,4	-0,7	-0,2	-1,5	
Annað, nettó	-1,4	-5,0	-2,5	-0,1	-2,4	
Almennt sparifé	—	0,2	—	0,1	0,1	
	<i>Hreyfingar í % á ári²⁾</i>					
Innlendir liðir, nettó (lína 2)	35,4	35,3	29,0	63,0	17,3	
Peningamagn og sparifé (lína 3)	43,2	46,7	42,4	33,5	71,4	
Peningamagn og alm. sparifé (lína 32)	42,9	40,8	29,3	21,8	79,3	
Peningamagn (lína 322)	44,6	36,7	22,7	8,6	110,7	

1) Innstæður og aukning innstæðna eru merktar með mínusmerki.

2) Ársígildi hreyfinga á hverjum ársþriðjungi eru reiknuð af árstíðaleiðréttum tölum.

**Vaxtabreyting
10. janúar 1979**

raunhæfum aðgerðum, en nokkur styr hefur staðið um einstök atriði, einkum form og útfærslu lánskjaranna.

Í ársbyrjun 1979 var gerð sú breyting á lánskjörum endurkeyptra afurðalána vegna útflutnings, að vextir þeirra voru lækkaðir úr 18% í 8,5%, en lánin jafnframt bundin gengi Bandaríkjadollara. Þá var einnig tekinn upp nýr flokkur vaxtaaukainnlána með 3 mánaða uppsagnarfresti, og voru vextir þeirra ákveðnir 25%. Samtímis þessum breytingum lánskjara var ákveðið að lækka endurkaupahlutföll Seðlabankans um 3 prósentustig. Frekari að-

gerðir biðu heildarstefnumótunar ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum, sem enn dróst á langinn. Í miðjum febrúar var skýrsla ríkisstjórnarinnar um lánsfjáráætlun lögð fyrir Alþingi, en þar kemur fram, að stefnt er að verulegri skuldalækkun ríkissjóðs við Seðlabankann í samræmi við fjárlög. Snemma í aprílmánuði voru síðan samþykkt lög um stjórn efnahagsmála, sem segja m. a., að í áföngum skuli komið á verðtryggingu inn- og útlána fyrir árslok 1980. Löggin heimila einnig hækkun bindiskyldu úr 25% í 28% af heildarinnlánum.

FJÁRFESTINGARLÁNASJÓÐIR OG LÍFEYRISSJÓÐIR

Talið er, að heildareignir þeirra 17 fjárfestingarlánasjóða, sem skýrslusöfnun nær yfir, hafi numið 125 milljörðum króna í árslok 1978. Hækkunin á árinu er áætluð 38 milljarðar króna eða um 49%, og stafar hún að mestu leyti af nýjum útlánum, en einnig af verð- og gengisuppfærslum, sem eru þó vantaldar vegna mismunandi uppgjörsmáta einstakra sjóða. Útlán fjárfestingarlánasjóða eru að mestu til langs tíma, og hafa því ný lán á hverjum tíma oftast þótt áhugaverðari stærðir en stöðutölur lána. Við mat á mikilvægi nýrra lána fjárfestingarlánasjóða eru þau gjarnan borin saman við þjóðhagsstærðir. Hér á blaðröndinni er birt línurit, þar sem árleg ný lán eru sýnd í hlutfalli við þá fjármunamyndun, er sjóðirnir lána að einhverju leyti til. Má af myndinni ráða, að hlutfallið sé nokkuð stöðugt nema í undantekningartilvikum og þá fremur vegna áhrifa sveiflna á fjárfestingu frá einu ári til annars.

Útlán



Ný lán fjárfestingarlánasjóða á árinu 1978 voru 32.202 m.kr. samanborið við 21.024 m.kr. á árinu 1977, og urðu þau þannig um 53% hærri 1978. Eigi að bera þessa stærð saman við mörk lánsfjáráætlunar, verður að lækka hana sem nemur endurlánuðu erlendu lánsfé frá Framkvæmdasjóði til ríkissjóðs, 1.369 m.kr., og til Vestmannaeyjakaupstaðar, 200 m.kr., þar sem gert var ráð fyrir í lánsfjáráætlun, að þessi lán væru tekin beint frá útlöndum. Auk þessa urðu þær breytingar frá lánsfjáráætlun, að Fiskveiðasjóður tók erlent lán, sem ætlað hafði verið ríkissjóði, í stað þess að fá verðtryggt lánsfé fyrir milligöngu Framkvæmdasjóðs. Ríkissjóður fékk síðan verðtryggt lán frá Framkvæmdasjóði, 600 m.kr. Loks verður að taka tillit til þess, að hagræðingarlán til fiskvinnslustöðva voru ekki komin til umfjöllunar við gerð lánsfjáráætlunar, en Fiskveiðasjóður lánaði til þeirra 852 m.kr. á árinu 1978. Hefðbundin útlán sjóðanna urðu þannig um 29.181 m.kr. árið 1978, og eru þau þá að mestu samanburðarhæf við markmið lánsfjáráætlunar, sem var 24.422 m.kr., eða um 19,5% hærri. Til samanburðar má nefna, að verðlagshækkun er talin

Fjármögnun

hafa orðið um 15% meiri en gert var ráð fyrir í lánsfjáráætlun. Ný lán sjóðanna, leiðrétt eins og að ofan segir, urðu 38% hærri 1978 en 1977, en það ár nam aukningin 42%. Með ofangreint í huga verður að telja, að lánastarfsemi fjárfestingarlánasjóða hafi veitt þensluöflunum minna liðsinni en oft áður. Lán til íbúðabygginga voru 58% hærri 1978 en á árinu áður, og að sama skapi hækkuðu lán til atvinnuvega um minna en meðaltal eða um 35%. Einstakar atvinnugreinar fengu mjög misjafna hækkun á lánnum frá árinu á undan, lán til verzlunar og þjónustustarfsemi urðu nálega tvöfalt hærri, til sjávarútvegs 52% hærri, til iðnaðar 15% hærri, en til landbúnaðar 4% hærri, og samdráttur varð í lánnum til annarra atvinnugreina.

Eitt aðalatriðið í lánsfjáráætlun fyrir fjárfestingarlánasjóði 1978 var, að fjármögnun þeirra skyldi alfarið beint frá erlendum lántökum, en þess í stað var lögð áhersla á eigin fjármögnun og innlend lán, einkum frá lífeyrissjóðunum. Svo sem sjá má af meðfylgjandi yfirliti um hlutfallslega fjármögnun útlána sjóðanna, tókst þetta að nokkru marki. Ber þó þann skugga þar á, að ekki tókst að halda áður fenginni hlutdeild eigin fjármögnunar í útlánnum. Er þar aðallega um að kenna tregðu nokkurra sjóða til þess að þyngja lánskjör sín, aðallega á eldri lánnum, og nálgast þannig þau lánskjör, sem þeir sæta sjálfir. Önnur atriði ráða einnig rýrðri eigin fjármögnun, og má þar til dæmis nefna aukna greiðslubyrði vegna hækkunar erlendra gjaldmiðla. Á þetta við um sjóði, sem tekið hafa erlend lán til skemmri tíma en þeir lána sjálfir eða hafa ekki tekið samsvarandi gengistryggingu í útlánnum. Minni sjóðshækkun og hærri hlutdeild framlaga og markaðra tekjustofna nær að vega upp á móti lægri eigin fjármögnun á

Fjármögnun útlána fjárfestingarlánasjóða

Hlutföll í %	Lánsfjáráætlun				
	1975	1976	1977	1978	1978
Eigið framlag	4	4	8	7	10
Sjóðsbreytingar	-3	-5	-2	-1	—
Annað	7	9	10	8	10
Bein framlög án endurgjalds	37	38	41	42	46
Lántökur	59	58	51	51	44
Erlend lán	28	20	13	5	—
Innlend lán	31	38	38	46	44
Frá bankakerfinu	6	8	8	9	5
Frá lífeyrissjóðum	11	14	15	21	24
Frá Atvinnuleysistryggingasjóði	1	5	3	3	4
Innkominn skyldusparnaður	10	11	12	13	11
Annað	3	—	—	—	—
Ný útlán	100	100	100	100	100

árinu 1978 heldur en 1977, en hlutdeild lántaka er hin sama bæði árin. Erlendar lántökur á árinu 1978 eru að mestu til komnar vegna áður nefndra lánsfjárskipta Fiskveiðasjóðs við ríkissjóð og endurlána Framkvæmdasjóðs til ríkisins, en að litlu leyti vegna ónógrar innlendrar fjáröflunar. Lán Fiskveiðasjóðs var tekið í október og nam 4 milljónum bandaríkjadala. Nánar verður fjallað um erlend lán Framkvæmdasjóðs síðar. Viðskiptabankar lánuðu Framkvæmdasjóði 5% af innlánaaukningu sinni á árinu, en þetta hlutfall var lækkað með lánsfjáraætluninni 1978 úr 10% af innlánaaukningu. Auk þessara lána hjá viðskiptabönkunum tóku fjárfestingarlánasjóðir á árinu 1978 óvenjumikið af bráðabirgðalánum frá bankakerfinu. Munaði þar mest um bráðabirgðalán Seðlabankans til Fiskveiðasjóðs, 850 m.kr., sem tekið var út á innstæðu Stofnfjárjóðs fiskiskipa. Í kaflanum um lífeyrissjóði hér á eftir verður nánar fjallað um lántökur fjárfestingarlánasjóða hjá lífeyrissjóðum, en aðrar lántökur sjóðanna, þ. e. frá Atvinnuleysisstryggingasjóði og skyldusparnaður ungmenna, urðu með hefðbundnum hætti á árinu 1978.

Fjárstreymi fjárfestingarlánasjóða

	1977		1978	
	Hækkun		Hækkun	
	M.kr.	i %	M.kr.	i %
<i>Uppruni fjármagns:</i>				
Eigið framlag	2.135	58,7	2.292	7,4
Innkomnar afborganir og vextir	11.711	39,8	17.406	48,6
— Gr. afborganir, vextir, framlög og kostnaður	—9.576	36,2	—15.114	57,8
Bein framlög án endurgjalds	8.590	49,8	12.959	50,9
Tekin löng lán	10.733	25,5	14.714	37,1
Frá bankakerfinu	1.638	35,7	1.866	13,9
Frá lífeyrissjóðum	3.091	50,2	6.270	102,8
Frá Atvinnuleysisstryggingasjóði	589	—15,5	785	33,3
Innkominn skyldusparnaður	2.421	47,0	4.123	70,3
Önnur innlend lán	100	.	6	.
Erlend lán, bein	—	.	1.664 ¹⁾	.
Erlend lán frá öðrum innlendum aðilum	2.894	.	—	.
Bráðabirgðalán frá bankakerfinu	71	.	936	.
<i>Uppruni = ráðstöfun</i>	21.529	37,8	30.901	43,5
<i>Ráðstöfun fjármagns:</i>				
Ný útlán	21.024	41,6	30.633	45,7
Til ríkissjóðs v/lánsfjárskipta	—	.	600	.
Til hagræðingar í fiskiðnaði	50	.	852	.
Reglubundin lán sjóða	20.974	41,3	29.181	39,1
Breytingar á innstæðum og sjóði	505	.	268	.

1) Í nýjum útlánnum og erlendum lántökum eru hér undanskilin lán vegna erlendra endurlána (1.369 m.kr. til ríkissjóðs v/orkuframkvæmda og 200 m.kr. v/Vestmannaeyjakaupstaðar).

Útlán og fjármögnun þeirra 1978

Í millj.kr.	Lánsfjár-		Mismunur
	áætlun	Reynd	
Ný lán, alls	24.422	30.633	6.211
Íbúðalánasjóðir	8.255	9.744	1.489
Atvinnuvegasjóðir	16.167	20.889	4.722
Fjármögnun útlána:			
Eigin fjármögnun, nettó	2.584	2.960	376
Framlög og markaðir tekjustofnar	11.176	12.959	1.783
Lántökur, brúttó	10.662	14.714	4.052
Erlend lán	—	1.664	1.664
Bankakerfið	1.200	2.802	1.602
Lífeyrissjóðir	5.835	6.270	435
Annað	3.627	3.978	351

Lánskjör

Drátt fyrir það bakslag, sem áður var minnzt á, í eigin fjármögnun fjárfestingarlánasjóða verður að telja, að mikið hafi áunnizt á undanförunum árum í því að færa útlánakjör þeirra í átt til jákvæðrar raunávöxtunar og nálgast þannig þau kjör, er þeir sæta sjálfir. Raunávöxtun er skilgreind sem afkastavextir greiðslu-raðar, þegar hver og ein greiðsla hefur verið færð til sama verð-lags, og er hér notast við verðlagsvísitölu byggingarkostnaðar. Ný-leg athugun á raunávöxtun helztu lána fjárfestingarlánasjóða sýnir, að við verðbólguþig svipað því, sem hér ríkti á síðasta ári, ná flestir stærstu sjóðirnir því marki að lána út með jákvæðum raunvöxtum, ef tekið er tillit til alls lánstímans. Meðfylgjandi

Raunávöxtun í % á ári

Tegundir lána	Verðhækkun á ári	
	30%	40%
Byggingarsjóður ríkisins: almenn lán	5,4	5,1
Byggingarsjóður verkamanna: almenn lán	-21,4	-27,1
Stofnlánadeild landbúnaðarins: útihúsalán	2,7	1,9
Fiskveiðisjóður: almenn skipalán	2,2	1,3
Iðnlánasjóður: byggingarlán og vélalán	3,8	2,1
Iðnþróunarsjóður: almenn lán	3,6	3,6
Verzlunarlánasjóður: almenn lán	3,5	3,5
Stofnlánadeild samvinnufélaga: almenn lán	5,5	5,5
Ferðamálasjóður: almenn lán	3,1	1,7
Lánasjóður sveitarfélaga: almenn lán	3,6	2,5
Byggðasjóður: almenn lán	-12,3	-18,6

yfirlit sýnir mat á raunávöxtun nokkurra tegunda útlána sjóð-anna miðað við lánskjör eins og þau voru á seinni hluta ársins 1978 og miðað við jafna verðbólguþróun út allan endingartíma lánanna. Sérstakar forsendur eru gefnar um gengisþróun vegna þeirra sjóða, sem tengja útlán sín við gengi erlendra gjaldmiðla.

Framkvæmdasjóður

Framkvæmdasjóður, sem hefur það að aðalhlutverki að útvega lánsfé og miðla því til annarra fjárfestingarlánasjóða, varð að þessu leyti að draga saman seglin á árinu 1978. Var þar um að ræða almennt aðhald vegna lánsfjáráætlunar og einnig það, að Fiskveiðasjóður treystist ekki til að taka við því verðtryggða fjármagni, er Framkvæmdasjóður hafði ætlað honum. Framkvæmdasjóður tók ný lán á árinu 1978 samtals að fjárhæð 6.944 m.kr., en lagði auk þess til nýrra útlána 866 m.kr. af eigin fjármagni.

Lánveitingar Framkvæmdasjóðs


<i>Í millj. kr.</i>	1976	1977	1978 ¹⁾
Stofnlánadeild landbúnaðarins	1.100	1.450	1.850
Veðdeild Búnaðarbankans	20	100	—
Fiskveiðasjóður	2.609	3.250	2.100
Iðnlánasjóður	250	450	565
Verzlunarlánasjóður	40	50	60
Stofnlánadeild samvinnufélaga	40	50	60
Ferðamálasjóður	—	53	175
Lánasjóður sveitarfélaga	250	300	340
Byggðasjóður	250	12 ²⁾	161 ²⁾
Samtals til fjárfestingarlánasjóða	4.559	5.715	5.311
Lán til annarra aðila	525	642	930 ³⁾
Lánveitingar, alls	5.084	6.357	6.241

1) Án beinna erlendra endurlána, 1.569 m.kr. 2) Bráðabirgðalán, nettó.
3) Þ. a. 600 m.kr. til ríkissjóðs v/lánsfjárskipta við Fiskveiðasjóð.

Lífeyrissjóðir

Erlendar lántökur sjóðsins voru 10 milljónir svissneskra franka frá Viðreisnarsjóði Evrópu í apríl, en andvirði þessa láns gekk beint til ríkissjóðs, og frá Scandinavian Bank 2 milljónir Bandaríkjadala í desember, sem endurlánaðar voru að hluta til Vestmannaeyjakaupstaðar, 200 m.kr., en var að öðru leyti varið til þess að bæta upp fjárvöntun vegna lægri lána frá lífeyrissjóðum en áætlað var. Yfirlit hér á síðunni sýnir ráðstöfun útlána Framkvæmdasjóðs á árunum 1976—1978. Nánari upplýsingar um fjárfestingarlánasjóði eru birtar í 25.—28. töflu í viðauka.

Samkvæmt áætlunum um fjárflæði lífeyrissjóða var ráðstöfunarfé þeirra á árinu 1978 60% hærra en árið 1977 samanborið við 46% það ár umfram árið 1976. Sparnaður, sem til verður með starfsemi lífeyrissjóða, hefur vaxið mikið á undanförunum árum. Á línuriti á næstu síðu má sjá, að þessi sparnaður hefur vaxið örar en þjóðarframleiðsla nær allt tímabilið 1969—1978. Framan af tímabilinu er vöxturinn mjög ör, en hægir verulega á sér síðari hlutann. Súlurnar á myndinni sýna sparnað í hlutfalli við vergan sparnað þjóðarbúsins og sést, að hlutfallið hefur



sveiflæzt á bilinu 10—12% á síðastliðnum 5 árum. Hlutfall þetta var helmingi lægra fyrir um 10 árum. Á eftirfarandi yfirliti má sjá fjárflæði í lífeyrissjóðum. Kemur þar fram, að áætluð útlán þeirra eru um 60% hærrí á árinu 1978 en á árinu 1977, en þá voru þau 42% hærrí en á árinu 1976. Með lögum nr. 82/1977 var viðurkenndum lífeyrissjóðum gert skylt að verja að minnsta kosti 40% af ráðstöfunarfé sínu til kaupa á skuldabréfum ríkissjóðs, stofnlána- og fjárfestingarlánasjóða. Skuldabréfin skyldu vera með fullri verðtryggingu til langs tíma. Tóku lög þessi gildi í ársbyrjun 1978. Lífeyrissjóðir lánuðu 6.270 m.kr. til fjárfestingarlánasjóða, og er það 435 m.kr. hærrí fjárhæð en gert var ráð fyrir í lánsfjáráætlun. Lán þessi eru þó ekki nema um 31% áætlaðs ráðstöfunarfjár lífeyrissjóða á árinu 1978. Ekki er enn vitað, hvaða lán önnur lífeyrissjóðir veittu til þess að uppfylla skyldu sína, en vafasamt má telja, að öllum lífeyrissjóðum hafi

Fjárstreymi í lífeyrissjóðum

	Bráðabirgðatölur		Áætlun		
	1976		1977		1978
	M.kr.	i %	M.kr.	i %	M.kr.
Sparnaður	7.420	37	10.785	45	17.400
Eigin tekjur, nettó	2.080	49	3.305	59	5.900
Iðgjaldatekjur	7.565	39	11.010	46	17.500
Frádragnar lífeyrisgreiðslur	-2.225	56	-3.530	59	-6.000
Innkomnar afborganir	1.130	40	1.720	52	2.600
Ráðstöfunarfé	8.550	37	12.505	46	20.000
Ný útlán	8.150	46	11.600	42	18.600
Innstæðu- og sjóðsbreytingar	400	—	905	—	1.400

tekizt að ná 40% markinu. Erfiðlega hefur gengið á undanförmum árum að beina kaupum lífeyrissjóða að skuldabréfum Framkvæmdasjóðs. Í lánsfjáráætlun 1978 var ráðgert að beina um 4.600 m.kr. til atvinnuveganna eftir þessari braut, en 1.527 m.kr. skorti á, að það tækist. Lífeyrissjóðir voru fúsari að lána til Byggingarsjóðs ríkisins, og fékk hann 1.056 m.kr. umfram áætlun. Auk lána til þessara tveggja sjóða fengu ýmsir aðrir fjárfestingarlánasjóðir lán beint frá lífeyrissjóðum og þá einatt sjóðir, sem tengdir eru sömu atvinnugreinum og viðkomandi lífeyrissjóður. Að frátöldum lánveitingum til fjárfestingarlánasjóða námu áætluð útlán lífeyrissjóða á árinu 1978 um 12,3 milljörðum króna og voru 45% hærrí en á árinu 1977, en það ár voru samsvarandi lán 40% hærrí en 1976. Nánari upplýsingar um lán lífeyrissjóða til einstakra fjárfestingarlánasjóða og heildargreiðsluyfirlit lífeyrissjóða er að finna í 28. og 29. töflu í viðauka.

YFIRLIT YFIR LÁNAMARKAÐINN

Í undanfarandi köflum er gerð grein fyrir meginþáttum lánsfjármarkaðarins. Heildaryfirsýn yfir lánamarkaðinn fæst þó ekki nema með því að draga alla þræðina saman í eitt: bankakerfið, fjárfestingarlána- og lífeyrissjóði og opinberar og erlendar lántökur, og skoða samhengi þeirrar heildar við innlendan sparnað, fjárfestingu og þjóðartekjur. Hinir einstöku þættir lánsfjármarkaðarins eru mjög ólíkir um tímabindingu, endurgreiðslu og lánskjör, og þar með koma áhrif verðbólgunnar fram í mjög ólíkri mynd. Skýrslugerð um lánsfjármarkaðinn hefur enn ekki verið þróuð til þess að taka öll þessi áhrif til greina, svo sem uppskrifun lána með verðtryggingarkjörum, og sýna af þeim heildstæða mynd. Eini færi samnefnari allra lánaforma eru nettóhreyfingar þeirra yfir árið, þ. e. aukning stöðustærða í bankakerfinu og lánveitingar sjóða að frádregnum afborgunum fyrri lána. Skilgreining nettóhreyfinga með þessum hætti er þó ósamstæð að því leyti, að stærðir bankakerfisins fela í sér uppskrifun fyrir verðbólgu að því marki, sem vextir setja, en nettóhreyfingar stofnlána sjóðakerfisins eða opinberra og erlendra lána fela ekki í sér slíka uppskrifun. Þar til gerð hefur verið samræming hér á milli, verður að taka gildi talnanna með fyrirvara, nema að því er varðar samburð við samskonar tölur fyrri ára.

Gerð lánsfjáraætlana hófst með áætlun fyrir árið 1976. Með til-liti til almenns þensluástands fólu fyrstu tvær áætlanirnar í sér áform um samdrátt nettóframboðs lánsfjár á heildina litið þrátt fyrir mikla verðbólgu. Lánsfjáraætlun 1978 var að þessu leyti undantekning með 11% áætlaða aukningu frá því lánsfjárfram-boði, sem þá var vitað um á árinu 1977, en að vísu lækkun frá endanlegum tölum. Reyndin varð hinsvegar ætíð sú, að flest og stærst frávik frá áætlun urðu til hækkunar, svo að nettóframboð lánsfjár hækkaði verulega frá ári til árs svo sem hér er sýnt:

<i>Nettóhreyfingar lána, m.kr.</i>	1976	1977	1978
Lánsfjáraætlun	33.570	38.745	64.211
Reymd	40.519	68.755	89.429
Frávik frá áætlun, %	20,7	77,5	39,3
Aukning frá fyrra ári, %	1,4	69,7	30,1

Lánsfjáraætlun

*Innlend og erlend lán 1977 og 1978, flokkuð eftir
endanlegum notendum¹⁾*

(Nettóhreyfingar í m.kr.)

Lánþegar

Lánveitendur	Ríkissj. og ríkisst.	Sveit- arfél.	At- vinnu- fyrirt.	Íbúðar- eig- endur	Aðrir einka- aðilar	Sam- tals	Lána- stofn- anir ²⁾
	(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)
1977							
1 Innlend lán, alls	3.050	2.032	34.261	15.370	2.002	56.715	1.460
11 Lánastofn., alls	479	1.568	33.039	15.370	1.951	52.407	.
111 Bankakerfi	574	830	23.121	2.815	1.951	29.291	896
1111 Seðlabanki	676	-2	-224	-	-	450	-353
1112 Innlánsstofnanir	-102	832	23.345	2.815	1.951	28.841	1.249
112 Fjárfest.lánasj.	-95	738	9.838	5.537	-	16.018	-12
113 Lífeyrissjóðir	-	-	80	7.018	-	7.098	2.782
12 Ríki	.	464	1.222	-	51	1.737	520
13 Einkaaðilar	2.571	-	.	.	.	2.571	940
2 Erend lán, alls	1.335	-236	10.941	-	-	12.040	-3.885
21 Löng erlend lán	1.306	-236	16.135	-	-	17.205	2.065
22 Stutt erlend lán	29	-	-5.194	-	-	-5.165	-5.950
3 Samtals (1+2)	4.385	1.796	45.202	15.370	2.002	68.755	-2.425
1978 Bráðabirgðatölur							
1 Innlend lán, alls	11.091	2.829	44.608	23.949	2.997	85.474	2.539
11 Lánastofn., alls	6.212	2.332	42.604	23.949	2.943	78.040	.
111 Bankakerfi	5.979	1.481	28.346	5.023	2.943	43.772	1.082
1111 Seðlabanki	5.332	-7	-273	-	-	5.052	-429
1112 Innlánsstofnanir	647	1.488	28.619	5.023	2.943	38.720	1.511
112 Fjárfest.lánasj.	233	851	14.158	8.736	-	23.978	-35
113 Lífeyrissjóðir	-	-	100	10.190	-	10.290	5.170
12 Ríki	.	497	2.004	-	54	2.555	714
13 Einkaaðilar	4.879	-	.	.	.	4.879	1.825
2 Erend lán, alls	1.095	-365	3.225	-	-	3.955	-14.340
21 Löng erlend lán	1.095	-365	13.680	-	-	14.410	130
22 Stutt erlend lán	-	-	-10.455	-	-	-10.455	-14.470
3 Samtals (1+2)	12.186	2.464	47.833	23.949	2.997	89.429	-11.801

1) Vegna rúmleysis eru lán til fyrirtækja ríkis og sveitarfélaga ekki sýnd sérstaklega í töflunni, heldur talin með lánunum atvinnufyrirtækja. Að öðru leyti er taflan sambærileg þeim, sem birzt hafa í lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar.

2) Í þessum dálki eru færðar nettólántökur lánastofnana, og kemur bati á gjaldeyrisstöðu bankanna þar fram sem neikvæð stærð undir liðnum stutt erlend lán.

Svo sem hér kemur fram var ströngustu aðhaldi beitt að lánamarkaði árið 1976, jafnframt því sem mestum árangri varð þá náð í því að draga úr umsvifum ríkisins og jafna hinn mikla halla ríkissjóðs, sem verið hafði næsta ár á undan. Svo er að sjá sem við þetta hafi skapast mikill þrýstingur, er leitaði framrásar árið eftir þrátt fyrir sterka viðleitni til áframhaldandi aðhalds. Með árinu 1978 færðist vöxtur lánamarkaðar aftur til jafnara horfs. Þess ber að gæta, að takmörkun aukningar er auðveldari að undangenginni mikilli aukningu eins og varð 1977.

Meðalaukning þessara þriggja ára varð 30%, hin sama og ársins

Framboð lánsfjár

1978 sérstaklega. Þetta er til muna minna en veltuaukning þjóðarframleiðslu á breytilegu verðlagi, 43% að jafnaði, eða verðmætaráðstöfunar, 38% að jafnaði þessi þrjú ár. Kemur þetta annars vegar heim við það, að ráðstöfunarfé bankakerfisins hefur ekki haldið í við þjóðartekjur, hins vegar það, að þessi ár hefur verið beitt sérstöku aðhaldi að fjárfestingu, sem hefur verið dregin saman úr 34% af vergri þjóðarframleiðslu 1975 í 26% 1978. Eigi að síður hefur verið reynt að viðhalda venjubundnum hlutföllum lánsfjármögnunar : fjármunamyndunar. Er reyndin og sú, að aukning nettólánsfjármögnunar, 30% skv. framansögðu, fylgdist nokkurnveginn að við aukningu fjármunamyndunar á breytilegu verðlagi, 31% að jafnaði yfir sömu ár.

Þetta má í stytztu máli skýra þannig, að lánsfjármarkaðurinn er í aðaldráttum samsettur af skammtímalánsfé bankakerfisins, sem hefur skroppið saman að tiltölu við þjóðartekjur í heild, og stofnlánnum sjóðakerfis, sem fylgzt hafa að við fjármunamyndun, sem einnig hefur dregist saman á undanförunum árum að tiltölu við vaxandi þjóðarframleiðslu og verðmætaráðstöfun í heild.

Skipting lánsfjárins eftir lánveitendum á endanlegum lánamarkaði kemur fram í töflu á fyrri síðu, er nær til árána 1977 og 1978. Fram kemur, að meira en öll aukningin milli árána kemur frá innlendum aðilum, og nemur aukningin þar um 50% eða jafnmiklu og á veltutölum þjóðarframleiðslu, en á hinn bóginn dróst nettóframboð lánsfjár af erlendum uppruna saman í þriðjung. Nokkurnveginn sama aukning gildir um hvort um sig, bankakerfið og fjárfestingarlánasjóði. Í fyrri tilvikinu veldur lánafyrirgreiðsla Seðlabankans við ríkissjóð miklu um aukninguna, en aukning nettólánaframboðs innlánsstofnana reyndist 34%. Aukning á vegum lífeyrissjóða varð 45%, heldur slakari en 50% aukning nettólána fjárfestingarlánasjóðanna. Milliganga hinna síðargreindu í ráðstöfun lífeyrissjóðafjár fór hins vegar mjög vaxandi á þennan mælikvarða, sem fram kemur af rúmlega tvöföldun á nettólánveitingum lífeyrissjóða til lánastofnana. Svipuð aukning varð á beinum lánum einkaaðila, er fram koma við kaup spariskírteina og annarra verðbréfa af ríkissjóði. Að því er varðar löng erlend lán, gætir afborgana fyrri lána í vaxandi mæli, svo að nettóaukning þeirra til endanlegra lánþega árið 1978 varð 16% minni en árið áður. Enn meiri breyting kom þó fram í tvöföldun á nettóúttreymsi stuttra erlendra lána, sem samanstandur einkum af stuttum vörukaupalánum annarsvegar og ógreiddum útflutningi hinsvegar, svo og ýmsum öðrum stuttum fjármagnshreyfingum einkaaðila. Hliðstæð og enn meiri breyting varð á vegum lánastofnana, í aftasta dálki, og koma þær hreyfingar fram í gjaldeyrisstöðu bankanna.

Lánþegar

Fyrirferðarmest í lánþegahlið er hin mikla aukning nettólánastreymis til ríkissjóðs og ríkisstofnana, gagnstætt áformum lánsfjáráætlunar, og er þar um nærri þreföldun að ræða eða aukningu um 7,8 milljarða króna. Á samdráttartöflu um fjárfestingu, fjármögnun og lánanotkun kemur fram, að enn meira viku frá lánsfjáráætlun eða um 8,7 milljarða kr. að meðtöldum gagnstæðum lánveitingum frá sjóðum ríkisins. Endurtekin reynsla er af frávikum af þessu tagi, og verða þau svo stór við það, að í stað áforma um að grynna verulega á skuldum ríkissjóðs við Seðlabankann hafa þær verið auknar að mun.

Næst að hlutfallsaukningu, 56%, koma lánahreyfingar gagnvart íbúðareigendum, og er aukningin þar heldur meiri að fjárhæð en til ríkisins. Nýjar lánveitingar fjárfestingarlánasjóða til íbúðabygginga jukust aðeins meira eða um 58%. Eru aukningar þessar ríflegar að tiltölu við 50% aukningu á veltu íbúðabygginga skv. bráðabirgðatölum og bera með sér aukið svigrúm til lánveitinga út á eldri íbúðarhús og félagslegar byggingar.

Aukning nettólánastreymis til atvinnufyrirtækja varð furðanlega lítil 1978, um 2,6 milljarðar kr. eða 6%. Þess ber þó að gæta, að árið áður varð nærri tvöföldun á þessum lið. Fyrirtæki ríkis og sveitarfélaga eru talin hér með, enda þótt framkvæmdir flestra þeirra flokkist undir opinberar framkvæmdir. Lántökur þeirra eru greindar sérstaklega í yfirlitstöflu, og með frádrætti þeirra

Fjárfesting, fjármögnun og lánanotkun einstakra geira

Hreyfingar í m.kr.	1975	1976	1977	Bráða-	Láns-
				birgða- tölur	fjár- áætlun
1 Fjárfesting, alls (2+3) ¹⁾ ..	67.240	76.300	110.780	137.370	126.100
2 Eigin fjármögnun ²⁾	30.406	38.994	47.793	57.914	67.602
3 Lántökur, nettó ³⁾	36.834	37.306	62.987	79.456	58.498
31 Ríkissj. og ríkisst. ⁴⁾	7.626	2.743	2.128	8.917	266
32 Ríkisfyrirtæki	6.245	9.867	7.903	5.065	947
33 Sveitarfélög	411	711	1.796	2.464	862
34 Fyrirtæki sveitarfélaga	2.220	1.007	3.906	4.059	2.097
35 Einkaaðilar ⁵⁾	20.332	22.978	47.254	58.951	54.326

1) Fjárfesting í % af VÐF 36,0 29,6 30,3 24,9 25,7

2) Eigin fjárm. í % af VÐF ... 16,3 15,1 13,1 10,5 13,8

3) Lántökur í % af VÐF 19,7 14,5 17,2 14,4 11,9

4) Tölurnar í þessari línu sýna lán til ríkissjóðs og ríkisstofnana að frádregnum lánnum, sem ýmsir sjóðir ríkisins veittu sveitarfélögum, lánastofnunum og atvinnufyrirtækjum.

5) Tölurnar í þessari línu sýna lán til atvinnufyrirtækja í einkaeign, íbúðareigenda og annarra einkaaðila að frádregnum lánnum einkaaðila til ríkis og lánastofnana í formi skuldabréfakaupa og skyldusparnaðar.

**Yfirlit eftir
geirum**

**Fjárfesting
og sparnaður**

kemur fram nettólánastreymi til almennra atvinnufyrirtækja 38.709 m.kr. 1978 til samanburðar við 33.393 m.kr. 1977 eða 16% aukning. Aukning af hendi innlánsstofnana, að fullu til almennra atvinnufyrirtækja, nam tæpum 23%, frá fjárfestingar-
arlánasjóðum 40%, en alls frá innlendum aðilum 29%.

Samþjappaðra yfirlit um lánanotkun einstakra geira þjóðarbús-
ins er sýnt á meðfylgjandi töflu, sem fyrr er vitnað til. Kemur þar fram nokkru þrengri nettóútkoma lánahreyfinga en um hef-
ur verið rætt, þar sem nettólánveitingar á endanlegum lánamark-
aði hafa verið dregnar frá nettólántökum sömu geira. Um flest segir þetta yfirlit sömu sögu og þegar er rakin. Áberandi er, hve
miklum mun meira opinberir aðilar fóru fram úr lánsfjáráætlun
1978 heldur en einkaaðilar, en árið áður var jafnara á með báð-
um komið. Sé hins vegar borið saman við fyrri ár, kemur fram
langtum meiri aukning á lánanotkun einkaaðila.

Fjárfesting hefur numið minnkandi hlutfalli af þjóðarframleiðslu
frá því 36% hámarki, er náðist 1975, niður í tæp 25% 1978, en
auk fjármunamyndunar eru birgða- og bústofnsbreytingar skv.
þjóðhagsskýrslum taldar með. Skiptingin í lántökur og eigin fjár-
mögnun framkvæmda- og rekstraraðila er ekki mjög áreiðanleg,
bæði sökum flokkunarvandkvæða og þess, að eigin fjármögnun
er fundin sem afgangsstærð. Báðir fjármögnunarþættirnir hafa
lækkað með hinni verulegu lækkun fjárfestingarhlutfallsins,
en eigin fjármögnun þó nokkru meira síðustu árin. Nam eigin
fjármögnun 45% af heildinni 1975, rúmum helmingi árið eftir,
en féll svo í 43% og 42%. Breyting svo samsettra stærða er tor-

Fjárfesting og fjármögnun

Hreyfingar í m.kr.	Bráða- Láns- birgða- fjár- tölur áætlun				
	1975	1976	1977	1978	1978
1 Fjárfesting, alls	67.240	76.300	110.780	137.370	126.100
11 Fjármunamyndun	63.560	78.010	103.750	143.410	126.100
12 Birgðabreytingar	3.680	-1.710	7.030	-6.040	—
2 Viðskiptajöfnuður við útlönd (— = halli) ¹⁾	-21.380	-4.390	-9.655	8.420	-4.000
21 Framlög	-6.365	-855	-1.500	-1.965	-1.200
22 Lánahreyfingar, nettó	-15.015	-3.535	-8.155	10.385	-2.800
3 Innlendir sparnaður, brúttó (1+2) ²⁾	45.860	71.910	101.125	145.790	122.100
1) Viðskiptajöfnuður við útlönd í % af VÐF	-11,5	-1,7	-2,6	1,5	-0,8
2) Innlendir sparnaður í % af VÐF	24,6	27,9	27,6	26,5	24,9

skýrð, en getur jöfnum höndum stafað af mismiklu vægi fjárfestingar, sem mishátt hlutfall er lánað út á, af breyttum fjárhag framkvæmdaaðila og afborgunarkjörum, er koma til frádráttar í uppgjöri nettólánveitinga.

Allir þræðir fjármögnunar koma saman í afstöðunni milli innlends sparnaðar og fjárfestingar, en af henni leiðir ýmist, að fjármagnað er að hluta með viðskiptahalla og erlendum lántökum í einhverri mynd eða sparnaði ráðstafað að hluta til að bæta stöðuna út á við. Innlendir sparnaður var í lágmarki, 23,5% af þjóðarframleiðslu, árið 1974 og varð litlu meiri 1975, en þau ár fóru saman efnahagsáföll og geysiör verðbólga með alvarlegum afleiðingum fyrir peningalegan sparnað. Hæst náði innlendir sparnaður tæpum 28% árið 1976, þegar bezt horfði um hjöðnun verðbólgunnar og gert var stærst átak í jafnvægisátt. Enda þótt innlendir sparnaður hafi síðan hjaðnað lítið eitt, niður í 26,5% af þjóðarframleiðslu 1978, má hann enn teljast í góðu meðallagi og náði ásamt takmörkun fjárfestingar að snúa viðskiptajöfnuði í lítilsháttar afgang.

Löng erlend lán

Til fyllingar þeim heimildum, sem hér hafa komið fram um lánanotkun hinna einstöku geira, er hér birt tafla um sundurliðun á erlendum lántökum og afborgunum eftir endanlegum notendum lánanna árin 1977 og 1978. Í lánsfjáráætlun beggja áranna var lögð rík áherzla á að takmarka töku erlendra lána, og skyldu brúttólanntökur verða 20.860 m.kr. fyrra árið og 20.000 m.kr. hið síðara. Hinsvegar tókst ekki sem skyldi að leysa úr málum með annarri fjármögnun, verðlags- og gengisbreytingar urðu örari en gert hafði verið ráð fyrir, einkum árið 1978, og varð fjárvöntun af þeim og öðrum ástæðum ekki mætt með öðru en auknum erlendum lántökum.

Árið 1978 var áður teknum skammtímalánum að fjárhæð 2.730


Löng erlend lán 1977 og 1978, flokkuð eftir notendum

Í millj. kr.	1977			Bráðabirgðatölur 1978		
	Inn- komin lán	Afb. lána	Nettó- hreyf- ing	Inn- komin lán	Afb. lána	Nettó- hreyf- ing
Lánnotendur:						
Opinberir aðilar	16.535	4.390	12.145	19.270	8.150	11.120
Ríkissj. og ríkisst.	1.922	616	1.306	1.950	855	1.095
Ríkisfyrirtæki	10.450	2.700	7.750	12.480	5.175	7.305
Bæjar- og sveitarfélög	280	516	-236	525	890	-365
Fyrirt. sveitarfélaga	3.883	558	3.325	4.315	1.230	3.085
Lánastofnanir	3.020	955	2.065	1.580	1.450	130
Framkvæmdasjóður	3.020	800	2.220	490	1.100	-610
Fiskveiðasjóður	-	155	-155	1.086	210	876
Aðrar lánastofnanir	-	-	-	4	140	-136
Atvinnuvegir	10.815	5.755	5.060	13.990	10.700	3.290
Erlend lán, alls	30.370	11.100	19.270	34.840	20.300	14.540

m.kr. breytt í löng lán, svo að löng lán tekin til nota á árinu námu 32.110 m.kr. og nettóaukningin 11.810 m.kr. Séu lántökur ársins 1977 færðar til gengis 1978, námu þær 43,2 milljörðum kr. eða 27,4 milljörðum nettó. Þannig hefur orðið um fjórðungs samdráttur á lántökum í erlendum gjaldeyri milli áranna, en meira en helmingssamdráttur á nettóaukningu lána.

Opinberir aðilar tóku bæði árin til sín mest af nýjum lánum. Þungi afborgana er hinsvegar nokkru meiri á atvinnuvegunum, svo að hlutfall opinberra aðila af nettóaukningu lána varð mun hærra en nýjar lántökur segja til um. Athygli er vakin á því, að hér eru lánin flokkuð eftir endanlegum notendum þeirra, gagnstætt því, sem er í kaflanum um greiðslujöfnuð og gjaldeyris-mál og töflum í viðauka, þar sem miðað er við frumlántakendur.

Alþjóðleg þróun




Samstarf Evrópuþjóða

GENGISMÁL

Eins og tvö undangengin ár einkenndist árið 1978 af miklum breytingum á gengi helztu viðskiptagjaldmiðla heims innbyrðis. Gengi þessara gjaldmiðla var fljótandi eins og verið hefur frá árinu 1973, en í slíku kerfi ráða framboð og eftirspurn á gjaldeyrismarkaði því, hvert gengið er á hverjum tíma. Hræringar í efnahags- og fjármálaráði einstakra þjóða segja að jafnaði fljótar til sín í breytingum á gengi í þessu kerfi en í fastgengiskerfinu, og á árinu 1978 urðu áberandi gengisbreytingar samfara breytingum á tiltrú markaðsaðila á efnahagsstjórn í einstökum ríkjum. Mest áberandi varð á árinu samfelld lækkun gengis bandaríska dollarans, allt fram í nóvember, þegar Bandaríkjastjórn tilkynnti um ákveðnar ráðstafanir til þess að snúa þessari þróun við. Fór gengi dollarans hækkandi af þeim sökum síðustu tvo mánuði ársins. Má rekja orsakir þessarar þróunar á gengi dollarans til hins mikla halla, sem verið hefur á viðskiptajöfnuði Bandaríkjanna undanfarin ár, en gengi þeirra landa, sem mestan hafa afganginn af viðskiptum sínum við útlönd, fór hækkandi nú sem fyrr. Er hér fyrst og fremst um að ræða Japan, Vestur-Þýzkaland og Sviss. Þróun viðskiptajafnaðarins í þessum löndum á síðan að miklu leyti rót sína að rekja til verðbólguframvindunnar, sem verið hefur með ólíkum hætti.

Meðal aðildarþjóða Efnahagsbandalags Evrópu annarra en Bretlands náðist á árinu samkomulag um að hleypa af stokkunum á árinu 1979 gjaldeyrissbandalagi aðildarríkjanna, EMS (European Monetary System), sem í fyrstu verður einkum ætlað að stuðla að auknum stöðugleika í gengismálum innan EBE, en er þó jafnframt hugsað sem fyrsta skrefið í mun víðtækara samstarfi EBE-ríkjanna í efnahags- og gjaldeyrismálum síðar. Í fyrstu er um að ræða útvíkkun á því samstarfi nokkurra Evrópulanda um gengismál, sem gengið hefur undir nafninu „slangan“ og í gildi hefur verið nokkur undanfarin ár. Norðmenn, sem aðild áttu að „slöngunni“, ákváðu þó að taka ekki þátt í hinu nýja og aukna samstarfi, a. m. k. ekki fyrst um sinn, en Danir, Hollendingar, Belgíu-

Gengi krónunnar



menn, Vestur-Djóðverjar og Luxemborgarbúar, sem allir áttu aðild að „slöngunni“, afréðu að halda áfram samstarfinu og taka þátt í EMS með Frökkum, Ítölum og Írum. Á meðfylgjandi línu-riti má sjá þróun gengis nokkurra gjaldmiðla síðastliðin tvö ár. Á árunum 1976 og 1977 var gengi krónunnar áfram sveigjanlegt. Í raun þýddi þetta, að gengi krónunnar seig á þessum árum um 11,8% 1976 og 11,7% 1977 miðað við meðalgengi áráanna. Í kjölfar lækkunar á gengi sænsku krónunnar í ágúst 1977 seig gengi íslensku krónunnar nokkuð hratt fram að áramótum og hélt áfram í janúar 1978. Þrátt fyrir hratt gengissig fór að bera á vaxandi ósamræmi milli þróunar framleiðslukostnaðar og verðlags hér á landi og í helztu viðskiptalöndum okkar. Þetta hafði í för með sér vaxandi eftirspurn eftir innfluttri vöru og þröngri samkeppnisaðstöðu útflutningsatvinnuveganna. Var því nauðsynlegt að leiðrétta gengið til samræmis við verðbólguþróunina, og var það gert 10. febrúar 1978, er gengið var lækkað um 13%. Frá áramótum 1978 fram að 25. ágúst 1978 lækkaði gengi krónunnar samtals um 19,2%, sem þýddi 23,8% hækkun á erlendum gjaldeyri. Hinn 6. september 1978 var gengi krónunnar fellt um 15%. Var sú gengislækkun í samræmi við samstarfssamning nýmyndaðrar ríkisstjórnar og gerð til að tryggja viðunandi rekstrar- aðstöðu helztu greina útflutningsatvinnuveganna. Frá 6. september til áramóta seig gengi krónunnar um 7,1%. Frá ársbyrjun til ársloka 1978 lækkaði gengi krónunnar um 36,2%, en erlendur gjaldeyri lækkaði í verði um 56,7%. Sé miðað við meðalgengi ársins 1978, nemur lækkun á genginu frá meðalgengi ársins 1977 29,8%, sem samsvarar 42,3% hækkun á erlendum gjaldeyri. Frá ársbyrjun til ársloka lækkaði gengi Bandaríkjadollara um 49,3%, en sé miðað við ársmeðaltöl 1977 og 1978, nemur hækkunin 36,7%.

ERLEND MÁL OG SAMNINGAR

Alþjóðastofnanir

Seðlabankinn átti á árinu 1978 margháttuð samskipti við alþjóðastofnanir á sviði efnahags- og peningamála auk ýmissa viðskipta við erlenda seðla-, viðskipta- og fjárfestingarbanka. Má hér meðal annars nefna Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, Alþjóðabankann og systurstofnanir hans, Efnahags- og framfarastofnunina (OECD) og fjárhagsnefnd Norðurlanda.

Á árinu 1978 var dr. Jóhannes Nordal, seðlabankastjóri, aðalfulltrúi Íslands í sjóðráði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, en Jón Sigurðsson, forstjóri Þjóðhagsstofnunar, varafultrúi. Aðalfulltrúi í bankaráði Alþjóðabankans og systurstofnana hans er viðskiptaráðherra, sem til 1. september var Ólafur Jóhannesson, en síðan Svavar Gestsson. Varafultrúi er fjármálaráðherra, til 1. september Matthías Á. Mathiesen, en síðan Tómas Árnason. Sameiginlegur fulltrúi Norðurlanda í sjóðsstjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins til 1. nóvember var Frede Hollensen frá Danmörku, en síðan tók við Matti Vanhala frá Finnlandi. Varafultrúi var Matti Vanhala til 1. nóvember, en dr. Gísli Blöndal, hagsýslustjóri, eftir það. Aðalfulltrúi í bankastjórn Alþjóðabankans á árinu var Einar Magnussen frá Noregi, en varafultrúi var Valgeir Ársælsson, deildarstjóri í viðskiptaráðuneytinu.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn

Hinn 1. apríl 1978 tók gildi önnur stofnskrárbreyting Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, en þá höfðu þjóðþing í tilskildum meirihluta aðildarríkjanna staðfest breytinguna. Er gjaldeyriskerfi heimsins nú að formi og í reynd byggt á sveigjanlegu gengi innan ramma stofnskrár Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, en jafnframt hefur sérhvert ríki umtalsvert frelsi til að ákveða sjálft skipan gengismála sinna. Jafnframt er með annarri stofnskrárbreytingunni mjög aukið hlutverk hinna sérstöku dráttarréttinda Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, en að sama skapi dregið úr hlutverki gulls í alþjóðagjaldeyriskerfinu.

Á árinu 1978 kom einnig til framkvæmda á vegum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins kvótaaukning, hin 6. í röðinni, og við þá breytingu jókst kvóti Íslands hjá stofnuninni úr 23 í 29 millj. SDR. Á árinu var einnig ákveðið, að kvótinn skyldi enn aukinn um

50% að meðaltali hjá aðildarríkjunum, og er gert ráð fyrir, að sú kvótaaukning hljóti staðfestingu aðildarríkjanna á árinu 1979. Mun þá kvóti Íslands aukast í 43,5 millj. SDR. Jafnframt var á árinu 1978 ákveðið að efna til nýrrar úthlutunar sérstakra dráttarréttinda á árabílinu 1979—1981. Hinn 1. janúar 1979 var Íslandi úthlutað um 3 millj. SDR í samræmi við þessa ákvörðun, og má vænta samskonar úthlutana 1980 og 1981.

Íslenska ríkið tók engin ný lán hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum á árinu 1978, en heildarskuld landsins við sjóðinn um síðastliðin áramót var um 53 millj. SDR, sem jafngilti um 22 milljörðum kr. á gengi í árslok. Höfðu þá verið greiddar niður af skuldum landsins við stofnunina rúmlega 9 millj. SDR á árinu. Er ráðgert, að skuld þessi verði að fullu greidd á árinu 1983.

Ný útlán Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á fjárhagsárinu, sem lauk 30. apríl 1978, voru samtals 2,5 milljarðar SDR og höfðu minnkað um nær helming frá fyrra ári. Hafa lán sjóðsins ekki verið minni frá árinu 1974, og hafa lántökur í öllum lánaflokkum minnkað frá fyrra ári. Stafar þetta fyrst og fremst af minna misvægi í alþjóðaviðskiptum en undanfarin ár.

Alþjóðabankinn

Alþjóðabankinn og systurstofnanir hans, Alþjóðaþróunarstofnunin (IDA) og Alþjóðafjármálastofnunin (IFC), lánuðu samtals rúma 8,7 milljarða dollara á því fjárhagsári, sem lauk 30. apríl 1978, en 7,3 milljarða árið á undan. Alls veittu þessar stofnanir 277 lán á árinu, sem runnu til meira en 75 ríkja.

Framlag Íslands til Alþjóðaþróunarstofnunarinnar á því þriggja ára fjárhagstímabili, sem hófst um mitt ár 1977 og stendur enn yfir, er 421 millj. kr.

Erlend lán

Seðlabankinn aflaði á árinu lána fyrir ríkissjóð til ýmissa framkvæmda og veitti jafnframt ýmsum fyrirtækjum og stofnunum með aðild ríkisins aðstoð við öflun erlends lánsfjár. Stærstu lánin, sem tekin voru á árinu, voru 5 milljarða yena lán, sem tekið var í ársbyrjun 1978 fyrir ríkissjóð í Japan, 10 millj. dollara lán fyrir Hitaveitu Suðurnesja, sem einnig var tekið í Japan, og 4 millj. dollara lán, sem tekið var fyrir Fiskveiðasjóð í Frakklandi. Jafnframt veitti Seðlabankinn aðstoð við 60 millj. dollara lántöku Landsvirkjunar á árinu.

Norrænt samstarf

Hinn árlegi fundur seðlabankastjóra Norðurlanda var haldinn á Húsavík í ágúst 1978, og voru þar sérstaklega tekin til umræðu, auk almennra samskipta bankanna innbyrðis, vaxta- og verðtryggingarmál við skilyrði verðbólgu.

Fjárhagsnefnd Norðurlanda, sem fjallar um samstarf landanna á vettvangi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og ýmis sameiginleg vandamál og viðfangsefni á sviði gjaldeyris- og fjármála, hélt tvo fundi á árinu, og sendi Seðlabankinn fulltrúa á þá báða.

UMSJÁ SJÓÐA OG ÝMIS STARFSEMI FYRIR RÍKISSJÓÐ

Ríkisábyrgðasjóður

Starfsemi Ríkisábyrgðasjóðs var með svipuðum hætti og áður. Mjög dró úr fjölda nýrra ábyrgða miðað við fyrra ár, en fjárhæð þeirra hækkaði hins vegar mikið. Á eftirfarandi yfirliti er sýndur fjöldi og fjárhæð nýrra ríkisábyrgða á árinu 1978, og til samanburðar eru tölur fyrir 1977.

	1977		1978	
	Fjöldi	M.kr.	Fjöldi	M.kr.
Hafnargerðir og dráttarbrautir	50	165	30	80
Vatnsveitur	7	18	—	—
Hitaveitur	—	—	1	3.124
Fiskveiðar	—	—	—	—
Iðnaður	1	40	1	60
Raforkumál, virkjanir	1	85	1	485
Samgöngur	—	—	1	80
Togarakaup	9	419	2	107
Byggingarsamvinnufélög	530	678	171	239
Annað	3	209	2	1.248
	651	1.614	209	5.423

Mjög mikil aukning varð á greiðslum úr Ríkisábyrgðasjóði miðað við fyrra ár. Fjárhæð innleystra krafna rúmlega tvöfaldaðist og varð alls 2.900 m.kr. Endurgreiðslur skuldara jukust hinsvegar svo, að nettógreiðslur hækkuðu aðeins um 11 m.kr. miðað við fyrra ár. Eftirfarandi yfirlit sýnir fjárhæðir innleystra krafna og endurgreiðslna sl. 5 ár:

M.kr.	1974	1975	1976	1977	1978
Innleystar kröfur	318	720	1.210	1.394	2.900
Endurgreiðslur skuldara	243	681	937	1.031	2.526
	75	39	273	363	374

Mestur hluti greiðslna var nú eins og undanfarin ár vegna ferju-skipanna Akraborgar og Herjólfs og vegna togara. Ennfremur jukust skuldir sveitarfélaga við sjóðinn nokkuð.

**Lánaumsjá fyrir
ríkissjóð**

Ríkisábyrgðasjóður sér um greiðslur af þeim erlendu lánnum, sem tekin voru vegna smíði stóru skuttogaranna, en ríkissjóður lengir lánstíma þessara lána. Á fjárlögum 1978 var ekkert fé ætlað sérstaklega til þessara greiðslna. Ríkisábyrgðasjóður varð að greiða vegna lána þessara alls 336 m.kr. á árinu.

Í tengslum við Ríkisábyrgðasjóð er starfrækt Tryggingardeild útflutningslána. Starfsemi hennar var lítil á árinu.

Seðlabankinn veitir ríkissjóði ýmsa fyrirgreiðslu í sambandi við lántökur, innlendar og erlendar. Ríkisábyrgðasjóður annast vörzlu lánna, sem ríkissjóður veitir af eigin fé eða fé, sem hann tekur að láni í því skyni að endurlána það. Heildarfjárhæð slíkra lána í vörzlu Ríkisábyrgðasjóðs nam í árslok 1978 112.409 m.kr. og hækkaði á árinu um 48.690 m.kr. Ný lán, sem veitt voru á árinu, námu 17.001 m.kr.

Spariskírteini

Í fjárlögum 1978 var fjármálaráðherra heimilað að gefa út ríkisskuldabréf eða spariskírteini að fjárhæð 3.100 m.kr. auk nýrra skuldabréfa eða spariskírteina í stað þeirra, sem innleyst kynnu að verða að viðbættri áfallinni verðlagsuppbót. Með lögum nr. 3 frá 17. febrúar 1978 var heimild þessi síðan hækkuð um 1.500 m.kr. Útgáfuheimild var því alls 4.600 m.kr. auk útgáfuheimildar vegna innlausnar eldri bréfa. Gefin voru út spariskírteini skv. þessum heimildum í 2 flokkum, samtals 3.100 m.kr. Í fyrri flokknum voru seld spariskírteini að fjárhæð 1.500 m.kr. Sala þeirra hófst síðari hluta janúar og lauk í júní. Skírteini í síðari flokki voru seld fyrir 1.600 m.kr. Sala þeirra hófst í byrjun september og lauk nokkru fyrir jól. Spariskírteini þessi voru verðtryggð á sama hátt og áður, miðað við vísitölu byggingarkostnaðar. Grunnvísitala í fyrri flokki var vísitala, sem tók gildi 1. apríl 1978, 192 stig. Grunnvísitala síðari flokksins var sú vísitala, sem tók gildi 1. október 1978, 240 stig. Hámarkslánstími beggja flokka er 20 ár. Vextir fyrstu 5 árin eru 3% á ári, en meðalvextir fyrir allan lánstímann eru 3½% á ári. Skírteini þessi eru innleysanleg hvenær sem er að liðnum 5 árum frá útgáfu. Þetta er 15. árið, sem ríkissjóður gefur út verðtryggð spariskírteini til sölu á innlendum markaði. Alls hafa verið gefnir út 27 flokkar spariskírteina á þessum 15 árum, samtals að nafnverði 9.963 m.kr. Nafnverð óinnleysta skírteina nam í árslok 1978 9.637 m.kr., en að viðbættum vöxtum og verðbótum nam andvirði skírteinanna 33.388 m.kr. í árslok 1978. Innlausnarverð þeirra skírteina, sem innleysanleg voru þá, var hins vegar 13.308 m.kr.

Happdrættisbréf

Á árinu voru engin happdrættisskuldabréf gefin út, en heildarnafnverð þeirra happdrættisskuldabréfa, sem út hafa verið gefin, er 1.860 m.kr. Að meðtalinni verðbót nam verðmæti þessara happdrættisskuldabréfa 6.674 m.kr.

Erlend lán

Ríkissjóður tók eitt stórt erlent framkvæmdalán á árinu. Lán þetta var 5.000 milljónir japanskra yena að fjárhæð, tekið með beinni skuldabréfasölu á innanlandsmarkaði í Japan fyrir milligöngu Nikko Securities Ltd. og The Kyowa Bank Ltd. Lán þetta er til 12 ára, afborgunarlaust fyrstu 5 árin, en endurgreiðist á árunum 1984—1990. Vextir eru 7,3% á ári, og útborgunargengi lánsins var 99,7%. Jafnvirði lánsins á lántökudegi var 4.514 m.kr., en þar eð lánið var ekki tekið heim allt í einu, hækkaði andvirði þess vegna gengisbreytinga í 6.326 m.kr. Andvirði lánsins var varið til fjármögnunar framkvæmda samkvæmt lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar og til endurgreiðslu 2 eldri lána. Voru það lán, sem Rafmagnsveitur ríkisins tóku í Abu Dhabi árið 1975, og lán, sem tekið var í Japan vegna vélakaupa fyrir Kröflu-virkjun.

Orkusjóður

Heildarframlög til Orkusjóðs skv. fjárlögum námu 2.486 m.kr. Þar af var verðjöfnunargjald 1.264 m.kr., en önnur framlög ríkissjóðs voru 1.222 m.kr. Lántökur námu alls 5.954 m.kr., en lánveitingar 6.805 m.kr. Lánveitingar til Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða námu 6.177 m.kr. Lán til hitaveituframkvæmda voru 308 m.kr. og lán til jarðhitaleitar 314 m.kr. Framlög af verðjöfnunargjaldi, sem veitt voru Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða, námu 1.258 m.kr. Framlög til rafvæðingar í sveitum og til styrkingar rafdreifikerfa í sveitum námu alls 282 m.kr., en styrkveitingar til jarðborana og jarðhitarannsóknna námu 62 m.kr. Alls námu því styrkveitingar og óafturkræf framlög úr Orkusjóði 1.602 m.kr. á árinu. Heildarvaxtatekjur sjóðsins námu á árinu 2.474 m.kr., en vaxtagjöld og kostnaður 2.646 m.kr.

Hafnabótasjóður

Lánveitingar Hafnabótasjóðs drógust talsvert saman miðað við árið á undan. Veitt voru 37 lán að fjárhæð 129 m.kr. og 3 bráðabirgðalán að fjárhæð 69 m.kr. eða 198 m.kr. alls. Árið áður námu lánveitingar úr sjóðnum samtals 287 m.kr. Í hafnalögum er heimild til að veita styrki til nýrra hafnarframkvæmda, allt að 15% umfram ríkisframlag til staða, sem eiga við verulega fjárhagsörðugleika að stríða. Samkvæmt þessari heimild hefur verið horfið að því ráði í vaxandi mæli að veita framkvæmdastyrki til hafnarsjóða í stað lána. Alls námu slíkar styrkveitingar úr sjóðnum 90 m.kr. á árinu, en 25 m.kr. árið áður. Heildarstyrkveitingar úr sjóðnum námu hins vegar 104 m.kr. á árinu. Tekið var bráðabirgðalán að fjárhæð 100 m.kr. hjá Atvinnuleysistryggingasjóði, en ekkert langt lán var tekið á árinu. Samkvæmt lögum skal framlag ríkissjóðs til Hafnabótasjóðs nema 12% af ríkisframlögum til hafnargerða. Framlagið nam nú 140 m.kr. Hreinar vaxtatekjur úr sjóðsins námu 93 m.kr. á árinu, en voru 47 m.kr. árið áður.

Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins

Á heildina litið hélzt verðlag sjávarafurða á árinu 1978 fremur stöðugt. Á hinn bóginn einkenndist framvindan eins og árið áður af naumu kapphlaupi milli hækkunar framleiðslukostnaðar annarsvegar og hækkunar afurðaverðs í vissum tilvikum og þó einkum verulegra gengisbreytinga hinsvegar. Reyndist eins og áður óhjákvæmilegt að taka tillit til þessara viðhorfa við ákvörðun viðmiðunarverðs. Þegar tæpast stóð, kom ábyrgð ríkissjóðs á greiðslum verðbóta á freðfisk til skjalanna. Var svo komið um mánaðamótin ágúst/september, að sjóðinn skorti um 920 m.kr. til þess að fá risið undir verðbótakröfunum. Var ákveðið, að sjóðnum yrði bætt þetta með gengismun af freðfiskafurðum í september 1978, en af gengismun umfram það falla 50% til sjóðsins. Útlit er fyrir, að útgreiðslur verði um tvöfalt meiri en innheimtur á árinu 1978 andstætt því, er gerðist árið 1977, en þá urðu innheimtur tvöfalt til þrefalt hærri.

Að því er frystar fiskafurðir snertir, hélzt verð á freðfiski stöðugt allt fram í desember 1978, en þá komu fram þó nokkrar hækkanir. Humar og rækja fóru hækkandi í verði og einnig hörpudiskur, en hann hækkaði verulega í verði síðari hluta ársins.

Verðlag á óverkuðum saltfiski var nokkuð stöðugt á árinu 1978, en vegna mikillar hækkunar framleiðslukostnaðar ásamt erfiðleikum við framleiðsluna varð ekki komizt hjá verulegum greiðslum verðbóta, og eru þær áætlaðar um 1.300 m.kr. Hinsvegar styrktist verð á söltuðum ufsaflökum nokkuð, og er gert ráð fyrir um 50 m.kr. greiðslu af þeim í sjóðinn. Tekin var upp verðjöfnun á verkuðum saltfiski, en áætlað er, að til þeirrar deildar í sjóðnum renni um 90—100 m.kr. af gengismun vegna gengisbreytinganna í febrúar og september. Framleiðsla verkaðs saltfisks hefur átt í miklum erfiðleikum, og var við ákvörðun viðmiðunarverðs gert ráð fyrir, að greiddar yrðu um 65 m.kr. í verðbætur honum til handa.

Verð á skreið hélzt stöðugt árið 1978, en verulegir erfiðleikar voru á sölu hennar, og var svo komið um mitt árið 1978, að til voru í landinu milli 6.000 og 7.000 lestir í birgðum, þ. e. svo til öll framleiðsla árána 1977 og 1978 ásamt nokkrum hluta framleiðslunnar frá 1976. Hér var því á ferðinni mikið vandamál, er ekki varð komizt hjá að taka tillit til við verðjöfnun. Í þessu sambandi voru viðmiðunarverð ársins 1977 tekin til endurskoðunar og þau hækkuð til samræmis við gildandi dagverð, þannig að um greiðslu í sjóðinn varð ekki að ræða. Ekki er heldur gert ráð fyrir inngreiðslu árið 1978.

Á mjöli og lýsisafurðum hélzt verð hátt framan af árinu 1978, en fór síðan lækkandi, einkum á mjölinu. Urðu því greiðslur í sjóðinn þó nokkrar.

Á árinu 1978 var stofnuð deild fyrir saltsíld, en verðjöfnun hefur hinsvegar enn ekki verið tekin upp. Gera má ráð fyrir, að í þessa deild renni um 164 m.kr., sem er gengismunur (65%) frá gengisbreytingunni í febrúar ásamt inneign í stofnfjárdeild.

Endanlegt uppgjör liggur fyrir um greiðslur vegna framleiðslu ársins 1977, en uppgjóri fyrir framleiðslu ársins 1978 er enn ekki að fullu lokið, og eru því tölur ársins 1978 í eftirfarandi yfirliti að nokkru byggðar á áætlun:

Greiðslur Verðjöfnunarsjóðs eftir framleiðsluárum

<i>Í millj. kr.</i>	<i>Framleiðsla 1977</i>		<i>Framleiðsla 1978</i>	
	<i>Innheimt</i>	<i>Útgreitt</i>	<i>Innheimt</i>	<i>Útgreitt</i>
Frystar fiskafurðir:	267,9			1.777,1
Freðfiskur	164,6			2.113,0
Humar	31,2		76,5	
Rækja	72,1		184,4	
Hörpudiskur	0	0	75,0	
Saltfiskafurðir:		553,1		1.315,0
Saltfiskur, óverkaður		566,5		1.300,0
Saltfiskur, verkaður		65,0
Söltuð ufsaflök	13,4		50,0	
Skreið:	0	0	0	0
Mjöl- og lýsisafurðir:	1.041,7		1.325,0	
Mjöl:	849,8		1.025,0	
Loðnummjöl	724,1		950,0	
Spærlings- og kolm.mjöl	17,8		0	0
Fiskmjöl	107,9		75,0	
Lýsi:	191,9		300,0	
Loðnulýsi	191,9		300,0	
Spærlings- og kolm.lýsi	0	0	0	0
Samtölur afurða	1.323,0	566,5	1.710,9	3.478,0
Samtölur deilda	1.309,6	553,1	1.325,0	3.092,1
Samtölur Verðjöfnunarsj., nettó	756,5			1.767,1

Ath.: Merkið ... táknar, að verðjöfnun hafi ekki verið tekin upp.

Heildarinnstæða Verðjöfnunarsjóðs í Seðlabankanum nam 3.926 m.kr. í árslok 1977, en 7.558 m.kr. í árslok 1978. Átti saltfiskdeild meiri hlutann fyrra árið, en mjöl- og lýsiseild mest hið síðara. Skipting innstæðu eftir deildum var þannig um síðustu áramót:

Stofnfjárdeild (óskipt)	133 m.kr.
Frystiafurðadeild	867 m.kr.
Saltfiskdeild	2.470 m.kr.
Skreiðardeild	366 m.kr.
Mjöl- og lýsiseild	3.722 m.kr.
Verðjöfnunarsjóður, alls	7.558 m.kr.

Tekjur sjóðsins af gengisuppfærslum námu 2.386 m.kr. á árinu 1978, og var það allt fyrir reikning Seðlabankans, en vaxtatekjur urðu 421 m.kr., þ. e. 7,67% meðalvextir ríkisvixla í Bandaríkjunum og Bretlandi. Með lögum nr. 2 og nr. 95 frá 1978, um breytingar á gengi íslenskrar krónu, var ákveðið, að af gengismun útluttra sjávarafurða skyldu 65% og 50% renna til Verðjöfnunarsjóðs, þegar búið væri að standa skil á skuld Verðjöfnunarsjóðs við ríkissjóð vegna framleiðslu freðfisks og loðnumjöls á árinu 1976 og freðfisks á árinu 1978. Endanlegt uppgjör gengismunarins hefur enn ekki farið fram, en samkvæmt áætlun er gert ráð fyrir, að skipting hans á deildir verði sem hér segir:

<i>Í millj. kr.</i>	<i>Gengism. (65%)</i>	<i>Gengism. (50%)</i>
